

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Hagnýt ritstjórn og útgáfa

Meistaraverk

*Hefðarveldi og aðrir áhrifaþættir í útgáfu Lærdómsrita
Bókmenntafélagsins*

Ritgerð til MA-prófs í hagnýtri ritstjórn og útgáfu

Gréta Sigríður Einarsdóttir

Kt.: 091089-2899

Leiðbeinandi: Guðni Elísson

September 2015

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Inngangur.....	4
Sérstaða ritraða í bókaútgáfu.....	7
Hefðarveldi og menningarlegar valdastofnanir.....	12
Aðrir áhrifaþættir í útgáfu ritraða.....	18
Starfsemi Lærdómsritanna.....	22
Niðurlag.....	24
Heimildaskrá.....	27
Prentaðar og netheimildir.....	27
Munnlegar heimildir.....	28
Viðaukar.....	29
Viðtal við Björn Þorsteinsson 29. maí 2015.....	29
Viðtal við Gauta Kristmannsson 16. Apríl 2015.....	34
Viðtal við Eyju Margréti Brynjarsdóttur 28. júlí 2015.....	38
Útgefin Lærdómsrit júní 2015.....	42

Ágrip

Á litlu málsvæði eins og Íslandi ráða bókaútgefendur miklu þegar kemur að aðgangi að heimsbókmenntunum og hugmyndasögunni. Ein af þeim útgáfum sem lagt hafa hvað mesta áherslu á að þýða merkar bækur sögunnar er Hið íslenska bókmenntafélag sem gefur meðal annars út Lærdómsrit bókmenntafélagsins. Verkin sem mynda ritröðina eru þegar þetta er skrifað rúmlega 80 og spanna gríðarlega langt tímabil í sögu mannsins og mikið svið vísinda og fræða. Viðfangsefni þessa verkefnis er að skoða hvernig verkin sem gefa á út eru valin og hvaða þættir hafa áhrif á það.

Hefðarveldi eða kanóna er einn þáttanna sem hvað mest áhrif hafa og er því fjallað sérstaklega um það. Fjallað er um eðli hefðarveldisins, en styr hefur staðið um það á síðustu árum. Deilt hefur verið um hvaða verk teljast til hefðarveldisins, en einnig um hlutleysi þess. Margir fræðimenn telja að ekki sé hægt að tala um hefðarveldið eingöngu á þeim grundvelli að þar fari bestu bækur sögunnar heldur verði að taka menningarbundið vald með í reikninginn og gera ráð fyrir því óréttlæti sem undirskipaðir hópar samfélagsins hafa verið beittir í árána rás. Á meðan eru aðrir sem verja hefðarveldið og bera við þeim áhrifum sem bækurnar hafa haft og það langlífi sem minningu þeirra hefur hlotnast.

Einnig er fjallað um aðra jarðbundnari þætti sem haft gætu áhrif á valið, svo sem framboð á þýðendum og fjármagn sem útgáfan hefur úr að spila. Að lokum er tekið saman hvaða áhrif þetta hefur á útgáfu Lærdómsrita og hvernig til hefur tekist við útgáfuna í gegnum tíðina.

Inngangur

Íslenskri bókaútgáfu hefur löngum verið hrósað fyrir umfang miðað við hve málsvæðið er lítið. Mikið kemur út af bókum eftir íslenska rithöfunda en þýðingar eru ekki síður stór partur af starfseminni. Einmitt vegna þess hve málsvæðið er lítið og landið afskekkt er mikið lagt upp úr því að veita Íslendingum með þeim hætti aðgang að því umtalaðasta í veröld bókanna hverju sinni. Það á jafnt við um helstu dægurflugurnar og heimsbókmenntirnar og helstu verk hugmyndasögunnar en hér verður augum beint að síðarnefnda þættinum. Það er vitaskuld ekki hægt að þýða allar erlendar bækur á íslensku og vegna þess hve markaðurinn er áhættusamur vegna smæðarinnar þarf að vanda valið á því sem gefið er út hér á landi. Áhugavert er að velja því fyrir sér hvað liggur að baki valinu á þeim bókum sem fá að koma út á íslensku. Bókaútgáfa er afar sérstök grein að því leyti að væntanlegar sölutölur eru langt frá því að vera það eina sem stjórnar framleiðslunni, þó auðvitað leiki þær stórt hlutverk. Vitaskuld vonast útgefendur alltaf til að bækurnar sem þeir senda frá sér seljist nógu vel til þess að standa undir kostnaði en gæðin eru ekki síður mikilvæg. Þrátt fyrir að lúta að mestu leyti lögmálum markaðarins er starf útgefandans því líka háð huglægari hugmyndafræði um mikilvægi þess að veita almenningi aðgang að textum sem hafa ríkt fræðslugildi og vel gerðum fagurbókmenntum. Það er athyglisvert að skoða hvaða hugmyndir liggja að baki þegar útgefendur velja þessar góðu bækur til útgáfu.

Ef við snúum okkur aftur að vali á þýddum bókum til útgáfu er vert að athuga hvernig verkin eru valin. Við útgáfu nýlegra bóka þarf ekki annað en að skoða sölutölur frá útgáfu þeirra í heimalandi sínu og hvort þær fengu mikla og jákvæða athygli gagnrýnenda þegar þær komu út. Það eykur á líkurnar á því að bækurnar muni eiga erindi við íslenska lesendur. Þegar kemur að því að þýða bækur sem komnar eru til ára sinna verður málið hinsvegar flóknara. Þá þarf að horfa til þess hvort bókin hafi sannað sig sem merkilegt rit í menningarsögunni. Hafa hugmyndirnar sem í henni eru settar fram áhrif enn þann dag í dag? Eða ollu þær að minnsta kosti straumhvörfum á sínum tíma? Vísu fræðimenn til þessara rita í skrifum sínum enn þann dag í dag eða eru þær orðnar úreltar? Með öðrum orðum, hafa þessar bækur áunnið sér sess í vestrænu hefðarveldi bókmennta eða hafa þær gleymst í hringið sögunnar?

Það er almennt viðurkennt að þær bækur sem staðist hafi tímans tönn og eigi erindi við nútímalesendur ættu að vera íslenskum lesendum aðgengilegar á þeirra eigin móðurmáli. Gauti Kristmannsson er prófessor í þýðingafræði við Háskóla Íslands. Hann segir þýðingar gríðarlega mikilvægar fyrir íslenskt þjóðlíf: „Það að íslenskan sé virkt tungumál í fræðaheiminum er mikilvægt því það sem gerir tungumál lifandi er að það sé virkt í svokölluðum umdæmum. Umdæmi eru þau

svið sem tungumálið er notað á og ef við hættum að tala og skrifa á íslensku um einhver af þessum sviðum, nútímafræði, tölvumál eða þess háttar þá deyr tungumálið hægt og rólega.“¹

Þrátt fyrir ötult starf þýðenda gegnum árin er enn mikið óunnið. Eitt af þeim útgáfufyrirtækjum sem hefur lagt hvað mesta áherslu á útgáfu þýðinga á góðum bókum er Hið íslenska bókmenntafélag, sem gefur út ritröðina Lærdómsrit bókmenntafélagsins. Lærdómsritin hafa komið út síðan 1970 og telja nú meira en 80 rit. Bækurnar eru flestar lykilrit í vestrænni hugmyndasögu, þótt vissulega sé þar einnig að finna nýlegri fræðirit og klassísk skáldverk. Í ritröðinni er snert á margvíslegum fræðum, allt frá uppeldisfræði til bókmennta og náttúruvísinda. Sérstaklega hefur komið út mikið af margskonar heimspekiritum. Bækurnar eru misgamlar, sumar komu fyrst út á 20. öldinni á meðan aðrar eiga rætur sínar í Grikklandi til forna. Ljóst er þó að ekkert þeirra rita sem kemur út í þessari ritröð er meðal þess nýjasta af nálinni í sinni grein. Í ljósi þess hve fræðin breytast hratt og hve margar nýjar og merkilegar uppgötvanir eru gerðar á ári er því vert að spyrja sig: hvers vegna er verið að gefa út svona gamlar fræðibækur?

Til að svara þessari spurningu er ágætt að leita til uppsprettunnar. Þegar byrjað var að gefa Lærdómsritin út sagði Sigurður Línadal, sem lét af störfum sem forseti hins íslenska bókmenntafélags árið 2015 eftir áratuga starf, að „megintilgangurinn með útgáfu þessara bóka væri, að leggja grundvöll að allri þekkingu á íslenzku.“² Margar fræðigreinar glíma enn þann dag í dag við sömu spurningar og forfeður okkar reyndu að svara. Til að geta gert nýjar uppgötvanir í hvaða fræðigreini sem er þarf því að þekkja undirstöður hennar og vita hvað forverar manns í fræðunum höfðu að segja, sem þekking okkar enn í dag er byggð á.

Ennfremur sagði Sigurður Línadal við útgáfu fyrstu Lærdómsritanna, að markmiðið væri að miðla þessari þekkingu til almennings, ekki síst með því að halda verðinu í hófi.³ Þessar hugmyndir endurspeglar skoðanir sem voru algengar á 20. öldinni um uppfræðslu almennings og mikilvægi sjálfsmenntunar. Lengi vel hafði eingöngu verið á færi aðalsmanna og forríks fólks að sækjast eftir æðri menntun. Svo hófu verkamenn og lágstéttarfolk að gagnrýna þjóðfélagsskipulagið sem sá til þess að kjör þeirra væru svo miklu verri en þeirra sem réðu og menntunarfyrirkomulagið var þar ekki undanskilið. Margir héldu því fram að aukin menntun væri lykillinn að því að bæta stöðu þessa fólks.

Að gera fólki kleift að nálgast þá vitneskju sem mannkynið hefur safnað saman gegnum aldirnar er vitaskuld afar virðingarvert markmið og frábært að einhver takist það á hendur, enda hafa Lærdómsritin á undanförunum fjórum áratugum aukið aðgang Íslendinga að vönduðum þýðingum á ýmsum þekktum verkum og stutt við fræðiheim þeirra. Við nánari athugun á þessum yfirlýsta tilgangi Lærdómsritanna, er þó tilefni til að velta þessari ritröð og áhrifum hennar fyrir sér.

¹ Gauti Kristmannsson 2015. Öll viðtöl höfundar eru birt í viðhengi.

² *Morgunblaðið*, 1970.

³ *Morgunblaðið*, 1970.

Stefnuyfirlýsingin rímar mjög vel við hugmyndir fyrri tíma. Í heiminum í dag hefur þó margt breyst, og ekki síst hvernig litið er á samfélagið og stéttaskiptingu almennt. Fyrsta og háværa spurningin sem vaknar er einfaldlega þessi: Hvaða rit eru þetta sem allir ættu að lesa og hvers vegna?

Svarið liggur að einhverju leyti í því hvernig útgáfan gengur fyrir sig. Útgáfu ritraða á borð við þessa fylgir alltaf ákveðin ritstjórn. Einhver þarf að ákveða hvaða bækur séu merkilegri en aðrar, hverjar þeirra eigi að gefa út fyrst og hverjar megi bíða betri tíma. Þar fyrir utan þarf að taka afstöðu til allskyns álitamála. Á að gefa út rit sem enn er deilt um í fræðasamfélaginu? Hvað ef það hefur vakið mikla athygli, en einnig mikla ósátt? Hvað með rit sem lengi hefur verið sátt um en nýjustu rannsóknir og kenningar draga í efa? Kenningar og hugmyndir sem voru gríðarlega mikilvægar á sínum tíma og höfðu jafnvel áhrif á gang sögunnar, en eru í dag algjörlega úreltar? En rit með pólitíska slagsíðu eða rit sem ekki hafa fengið mikla athygli í gegnum tíðina en eru þrátt fyrir það afar merkileg? Ákvarðanir á borð við þessar þarf í sífellu að taka og margar þeirra eru fyrirfram ákveðnar út frá samfélagsgildum okkar, verðmætamati og menningarbundnu valdi. Það þýðir þó ekki að það sé ekki þess virði að aðgæta málin nánar.

Gera má ráð fyrir því að einn stærsti áhrifaþáttur í vali á bókum til útgáfu í ritröðum, bæði þegar kemur að fræðilegum verkum og skáldskap, sé svokallað hefðarveldi, einnig kallað kanóna. Til þess teljast bækur sem kalla má sígildar, en þótt hefðarveldishugtakið virðist einfalt við fyrstu sýn er það þó afar flókið og vandasamt í meðferð um leið og skyggst er undir yfirborðið. Samkvæmt skilgreiningu er hefðarveldið hópur framúrskarandi verka sem kemur til með að standast tímans tönn. Sú kenning að hægt sé setja saman endanlegan lista yfir þá höfunda sem teljist góðir og haldi áfram að teljast framúrskarandi um aldur og ævi hefur þó verið gagnrýnd harkalega, ekki síst á síðustu árum þegar greinendur hafa vaknað til vitundar um það hvernig ýmsir utanaðkomandi þættir eins og kynferði og kynþáttur hafa útilokað ýmsa samfélagshópa frá beinni þátttöku. Sagan hefur jú sýnt okkur að vinsældir verka rísa og hníga með árunum og tíðarandanum og fæstir eru í dag tilbúnir að afneita þeim áhrifum sem valdakerfi samfélagsins hefur á vinsældir bæði bókmenntaverka og kenninga.

Þegar tekið hefur verið tillit til allra þeirra hugmyndafræðilegu vandræða sem fylgja því að velja merkileg rit til útgáfu er málinu þó ekki lokið. Útgáfa „góðra“ bóka fer nefnilega ekki fram í tómarúmi og ýmis hagnýt atriði bókamarkaðar hafa einnig áhrif. Fyrir það fyrsta þarf að fá hæft fólk til þess að þýða bækurnar. Nokkuð auðvelt er að finna fólk sem þýðir úr ensku, en um leið og farið er út fyrir það tungumál vandast málin. Einhverjir þýða úr Norðurlandamálunum og frönsku- og þýskumælandi fólk er vel finnanlegt, en hversu margir Íslendingar eru til að mynda nógu færir í kínversku, arabísku og tékknesku til að taka að sér þýðingar, að ekki sé minnst á dauð tungumál eins og forngrísku og latínu? Þar fyrir utan þarf að þekkja til verka til að geta íhugað mögulega útgáfu

þeirra. Mörg merk verk sem hafa hingað til ekki verið sérstaklega vel þekkt í vestrænu samfélagi njóta þar af leiðandi ekki sannmælis þrátt fyrir að eiga eflaust fullt erindi við íslenska lesendur. Til viðbótar við þetta má nefna markaðsleg lögmál og jafnvel pólitísk sem haft gætu áhrif á útgáfuna og skekkt sjónarhorn okkar á útgáfu á því sem við köllum góðar bækur, jafnvel meistaraverk.

Hér á eftir verður fjallað um Lærdómsritin og hvernig þau sem ritröð bæði fylgja og móta hugmyndir okkar um góðar bækur. Farið verður yfir helstu atriði sem hafa áhrif á val bóka til útgáfu með hliðsjón af ritröðinni. Skoðað verður hvernig ýmis atriði, bæði hugmyndafræðileg og hagnýt, hafa áhrif á valið og hvort Lærdómsritin geti talist sígild eða hvort þau séu börn síns tíma. Skoðað verður hvort ákveðin stefna liggja að baki valinu á bókum sem koma út í ritröðinni og hvað liggur að baki þeirri stefnu. Einnig verður athugað hversu vel henni er framfylgt og hvernig hún hefur þróast í gegnum tíðina.

Sérstaða ritraða í bókaútgáfu

Áður en kafað er ofan í stefnuna að baki Lærdómsritunum er rétt að fjalla stuttlega um ritraðir og hvað þær fela í sér. Ritraðir eru merkilegt fyrirbæri í bókaútgáfu og þrátt fyrir að þær lúti að mörgu leyti sömu lögmálum og hefðbundin bókaútgáfa er útgáfa þeirra þó einnig að mörgu leyti ólík því þegar rit koma út ein og óstudd. Að baki útgáfu ritraðar þarf að liggja áætlun og stefna. Bækurnar í flokknum þurfa að vera vel valdar í samræmi við þá stefnu því að hver ný bók hefur áhrif á heildarsvip seríunnar. Áður en fjallað verður um Lærdómsritin, ímynd þeirra og þær bækur er mynda ritröðina, er rétt að athuga hvað felst í hugmyndinni að baki ritröðum.

Ritraðir urðu fyrst vinsælar á 19. öld í Evrópu. Bókaútgáfa hafði þá tekið miklum stakkaskiptum frá því sem áður var, ekki síst í því er laut að magni og fjölbreytni.⁴ Menntamönnum leist ekkert á þennan stöðuga flaum bókmennta frá prentsmiðjunum og algeng skoðun var að mikið af því efni sem gefið væri út væri ekki sæmandi gagnrýnum lesendum. Lausnin í þeirra huga var að safna saman bókum og ritum sem hefðu raunverulegt mannbótargildi og gefa út í ritröð. Þannig gæti minna menntað fólk gengið að merkum verkum sem vísu og forðast óæskilegt lesefni. Ætlunin var að þjálfa upp góðar lestrarvenjur meðal lesenda.⁵ Ritraðir voru því upphaflega hugsaðar sem leið þeirra sem vita betur til þess að segja almúganum hvað hann eigi að lesa og vernda hann um leið frá slæmum áhrifum óæskilegra bóka, nokkurs konar æðri forsjón á bókmenntasviðinu.

Eitt af því sem leiddi til þess að bókaútgáfa færðist svo í aukana á þessum tíma var að læsi jókst gríðarlega á 19. og 20. öldinni í takt við aukna menntun. Hérlandis má sjá hvernig þessar hugmyndir voru gerðar að veruleika með setningu fræðslulaganna í upphafi aldarinnar, sem tryggðu

⁴ Jakob Benediktsson, 1998. 36.

⁵ Kijinski, 1991.

öllum börnum aðgang að grunnmenntun. Það sem áður hafði eingöngu verið á færi karla úr efri stéttum samfélagsins barst nú í sífellt auknum mæli til lágstéttafólks af báðum kynjum. Það var ekki þar með sagt að lágstéttafólk streymdi inn í háskólana, en nú hafði það í það minnsta kosti færi á að kynna sér ýmis konar fræðsluefni og bókmenntir. Þetta varð til þess að í byrjun 20. aldarinnar fóru meðlimir elítunnar í síauknum mæli að tileinka sér það viðhorf að fólk af lægri stéttum ætti að geta menntað sig sjálft ef það bæri sig eftir því. Í takt við þessar skoðanir var víða farið að gefa út ritraðir sem sérhæfðu sig í útgáfu undirstöðurita í ódýru broti sem almenningur hefði efni á að kaupa. Dæmi um slíkar seríur voru *Everyman's Library* og *Home University Library of Modern Knowledge*.⁶ Þegar stofnað var til Home University Library var hugmyndin sú að gefnar yrðu út „stuttar bækur, um það bil 50.000 orð hver, skrifuð af sérfræðingum í einföldum stíl, sem vektu árvökula athygli „nýrrar gerðar lesenda“ sem hefðu áhuga á fræðilegu námi en einhverra hluta vegna gætu ekki sest á skólabekk í háskólum.“⁷

Ein þekktasta ritróðin í dag af þessum toga eru sígildu bækurnar frá Penguin Classics. Penguin-forlagið gerbreytti landslagi bókaútgáfu þegar það hóf á 4. áratugnum að gefa út gæðabækur í kiljuformi. Þrátt fyrir að kiljur hafi vissulega komið út áður en Penguin hóf starfsemi sína þá þótti þetta útgáfuform ekki hæfa nema bókmenntum af lakara taginu á meðan góðar bækur ættu skilið fallegra og vandaðra band, en þar undir bjó vissulega sú hugmynd að góðar bækur væru aðallega fyrir mennta- og efnafólk. Útgáfustarfsemi Penguin markaðist hins vegar af því að gefa lesendum færi á að nálgast góðar bækur á ódýran og aðgengilegan hátt. Það skilaði sér svo sannarlega enda er Penguin í dag eitt stærsta útgáfufyrirtæki í heiminum og ritraðirnar sem fyrirtækið gefur út eru enn í dag afar vinsælar og njóta mikillar virðingar. Þær voru fleiri en ein og fleiri en tvær, til dæmis hóf forlagið fljótlega að gefa út barnabókaseríuna Puffin og var óskáldað efni sett undir Pelican seríuna, en þar birtust samtímaverk um ýmislegt sem þá var á döfinni. Frægasta ritróðin er þó vitaskuld Penguin Classics.

Árið 1946 gaf Penguin út *Ódysseifskviðu* í þýðingu E.V. Rieu og markaði með því upphafið að útgáfu Penguin Classics. Rieu var um leið fenginn til þess að gerast ritstjóri seríunnar. Til að byrja með komu eingöngu út bækur sem voru klassískar í þeim skilningi að þær voru latneskar eða forngrískar að uppruna. Síðar var skilgreiningin víkkuð út og undir hatti Penguin Classics eru núorðið gefnar út allar bækur sem teljast sígildar.⁸ Áhrifin sem ritróðin hafði má til dæmis sjá á umfjöllun um

⁶ Glasgow, 2001.

⁷ Short books, about 50,000 words each, written by experts in a simple style which was likely to command the diligent attentions of “a new type of reader”, interested in academic studies but for various reasons unable to attend a university.” Glasgow, 2001. Allar þýðingar eru mínar nema annars sé getið.

⁸ Meðal ritraða Penguin Classics er í dag bókaflokkurinn *Great Ideas* sem gefur út bækur sem eru ekki skáldskaparlegs eðlis. Á vefsíðu Penguin Classics segir um þann flokk: „Sumar bækur hafa, í tímans rás, breytt heiminum. Þær hafa umturnað því hvernig við sjáum okkur sjálf – og hvort annað. Þær hafa orðið uppspretta rökræðna, ósættis, stríðs og byltinga. Þær veitt okkur uppljómun, hneykslun, ögrun og huggun. Þær hafa

hana í tölublaði af *Arion: A Journal of Humanities and the Classics*, bandarísku hugvísindatímariti frá 1968. Þá, rúmum tveimur áratugum eftir að Penguin hóf fyrst að gefa út klassísk verk í kiljum, kvartar greinarhöfundur yfir því að allir útgefendur keppist nú við að henda á markað ódýrum útgáfum af þessum bókum í þeim tilgangi að reyna að apa eftir velgengni Penguin.

Það er áhugavert að minnst á að þrátt fyrir að mikið og fjölbreytt efni hafi bæst í hóp Penguin Classics voru fyrstu ritin sem í ritröðinni allt þýðingar. Sagan segir að fyrsta bókin hafi orðið til vegna þess að þýðandann langaði að konan sín gæti lesið söguljóð Hómers og notið þess. Lögð var áhersla á að þýðingarnar væru nýjar og aðgengilegar, þ.e. að það væri á færi annarra en eingöngu hámenntaðra fræðimanna að njóta þeirra. Þess má geta að á Íslandi stóðu þeir Halldór Laxness og Ragnar í Smára á sama tíma í ströngu við að koma út Íslendingasögum með nútímastafsetningu, í þeim tilgangi að gera þær auðveldari aflestrar fyrir almúgan.⁹ Sama hugsun liggur að baki lærdómsritunum þrátt fyrir að þau hafi komið nokkrum áratugum seinna til sögunnar, og raunar má benda á að mörg þeirra eru einmitt þýdd úr fornmálunum.

Hér er fjallað sérstaklega um Penguin bækurnar því stærð forlagsins og frægð valda því að auðvelt er að nota það sem dæmi til að sýna fram á ýmsa eiginleika ritraða. Til dæmis má benda á að Penguin kys að gefa bækur sínar út í vel afmörkuðum ritröðum, Pelican fyrir bækur sem ekki teljast til skáldskapar, Puffin fyrir barnabækur eins og áður sagði, í stað þess að halda þeim öllum undir einum hatti. Þetta er hentugt fyrirkomulag, bæði fyrir lesendur og forlagið. Það er til hægðarauka fyrir lesendur að geta gengið beint að því sem þeir leita að, hvort sem það er skáldverk, barnabók eða rit almenns eðlis, en það er ekki síður mikilvægt fyrir forlagið að geta byggt upp sérstaka ímynd og orðspor fyrir hverjn flokk. Skýr ritstjórnarstefna að baki ritraðar hjálpar lesendum að átta sig á henni og vita við hverju þeir eigi að búast af næsta riti.

Ritraðir koma enn út í miklu magni. Fyrir því eru ýmsar ástæður, meðal annars markaðslegar. Í neytlusamfélagi nútímans höfum við í raun allt sem við þurfum. Þegar ný vara kemur á markað þarf framleiðandinn því að sannfæra neytandann um að hann þurfi á henni að halda. Það sama gildir um bækur. Framboðið af nýjum bókum er gríðarlega mikið og þegar útgefandi sendir frá sér bók þarf hann að byrja á því að sannfæra lesendur um ágæti hennar og að þeir þurfi að lesa hana. Ein auðveldasta leiðin til að koma ágæti nýrrar bókar á framfæri við neytendur er að gefa í skyn að hún sé eins og eitthvað sem þeir hafi lesið áður og kunnað vel við. Þegar vinsæll höfundur gefur til dæmis

auðgað líf – og eyðilagt þau. Penguin færir þér nú verk hinna miklu hugsuða, frumkvöðla, byltingarsinna og hugsjónamanna en hugmyndir þeirra skóku siðmenninguna og hjálpuðu til við að gera okkur að því sem við erum.“ Á ensku hljómar tilvitnunin svo: „Throughout history, some books have changed the world. They have transformed the way we see ourselves - and each other. They have inspired debate, dissent, war and revolution. They have enlightened, outraged, provoked and comforted. They have enriched lives – and destroyed them. Now Penguin brings you the works of the great thinkers, pioneers, radicals and visionaries whose ideas shook civilization, and helped make us who we are.“

⁹ Jón Karl Helgason, 2002.

út nýja bók er ýjað að því að hún sé eins og fyrri bók eða bækur hans. Þegar *Englar og djöflar* eftir Dan Brown kom út á íslensku stóð til dæmis aftan á kápunni „Á liðnu ári skipaði Dan Brown sér í hóp vinsælustu spennusagnahöfundar veraldar með hinni frábæru bók *Da Vinci lyklinum*. *Englar og djöflar* gefur henni ekkert eftir ...“.¹⁰ Þegar höfundur er óþekktur er jafnvel reynt að bera verk hans saman við aðrar bækur, sögupersónur eða frásagnarfléttur (svo dæmi séu tekin) sem lesandinn gæti kunnað að meta. Aftan á fyrstu bókinni um *Artemis Fowl* eftir Eoin Colfer má sjá brot úr ritdómi eftir Katrínu Jakobsdóttur sem birtist í *DV* en í brotinu segir hún bókina vera „sambland af James Bond og Harry Potter“.¹¹

Í því flóði af bókum sem gefnar eru út í dag getur þetta kynningarstarf verið strembið og oft erfitt að ná athygli lesenda. Þegar verk eru gefin út í ritröð hins vegar er kynningarstarfið einfaldara, ef ritröðin hefur fest sig í sessi. Lesendur þekkja hana og geta miðað möguleg kaup sín á nýjustu viðbótinni við eldri verk í seríunni. Samhæft útlit eins og er á Lærdómsritunum ýtir svo undir þetta auk þess sem útgefandi sparar mikið í hönnunarkostnaði. Gauti Kristmannsson vann ásamt öðrum að útgáfu ritraðar Bókmennta- og listfræðistofnunar Háskóla Íslands sem bar hið einfalda nafn *Þýðingar*. Þegar hann var spurður hvers vegna verkin í þeim flokki hefðu verið gefin út í ritröð svaraði hann því til að það vægi sem ritröð ynni sér inn með því að undir merkjum hennar komi út góð verk skilaði sér að mörgu leyti í áframhaldandi útgáfu, meðal annars gerði það „það að verkum að auðveldara er að sækja um styrki og þess háttar ólíkt því þegar gefa á út einstakt verk. Þá er hægt að vísa til fyrri verka í ritröðinni.“¹²

Eins og fyrr segir skiptir hvert verk máli þegar ritröð er gefin út enda er hver hluti partur af heildinni. Þrátt fyrir að Penguin bækurnar eigi sér langa sögu og hafi ítrekað sannað lesendum gildi sitt eru þær langt frá því að vera hafnar yfir gagnrýni. Þetta varð bersýnilegt þegar ákveðið var að gefa út ævisögu breska tónlistarmannsins Morrissey í Classics ritröðinni, en hann hafði áður sagt opinberlega, hvort sem var í hálfkæringi eða ekki, að hann myndi einungis samþykkja að ævisaga sín kæmi út ef það væri innan vébanda hinnar frægu ritraðar. Ekki voru allir á eitt sáttir um hvaða erindi hún ætti í ritröðina og þótti mörgum sem að fyrirtækið hefði sett niður fyrir þetta nýjasta útspil. Um þetta spunnust miklar umræður og ljóst var að lesendum þótti þeir sviknir ef ritröðin, sem þekkt var fyrir að gefa út góðar bækur, legðist svo lágt. Bókin þótti ekki standa undir virðingu þessarar lífseigu ritraðar og var ákvörðunin harkalega gagnrýnd.¹³ Lesendum, sem farnir voru að treysta því að bækurnar frá Penguin væru vandaðar bækur sem stæðust tímans tönn, fannst þeir sviknir þegar bók sem sveigði frá stefnu ritraðarinnar var þrátt fyrir það bætt í flokkinn.

¹⁰ Brown, 2004. Kápa.

¹¹ Colfer, 2001. Kápa.

¹² Gauti Kristmannsson, 2015.

¹³ *The Guardian*, 2013.

Traust lesendanna á ritröðinni, sem færa má rök fyrir að sé mesta verðmæti vörumerkisins, beið þar af leiðandi hnekki. Þetta traust er ein helsta ástæða þess að ritraðir eru gefnar út í dag, þegar flestir eru þrátt fyrir allt nokkuð vissir um að hinum almenna lesanda sé treystandi fyrir því að velja sér lesefni sjálfur. Gauti Kristmannsson hefur þetta að segja um mikilvægi þess að vinna sér inn traust lesenda: „Ritröðin fær ákveðið vægi. Það fylgir því heiður að fá útgefið verk eftir sig í virtum ritröðum. Það besta í fræðaheiminum kemur út í ákveðinni ritröð og þá vilja menn vera þar. Þetta er vegna þess að með því að gefa út góðar og merkilegar bækur vinnur ritröðin sér inn traust lesenda. Þess vegna erum við líka með þennan stífa ramma, ritstjóra og ritrýni.“

Það fylgja því augljóslega kostir að gefa út ritröð en þó er ekki þar með sagt að slík útgáfa sé auðveldari en önnur enda er einungis hægt að treysta á að ritröðin njóti trausts lesenda þegar vandað er til allra verka. Kröfurnar sem gerðar eru til ritstjóra og útgefenda ritraðar eru þeim mun meiri. Ritröð nýtur eingöngu virðingar í samræmi við gæði þeirra rita sem henni tilheyra. Þegar ný sería er sett á laggirnar þarf líka að athuga vel hvað lagt er upp með. Í handbók um útgáfu fræðibóka, sem heitir einfaldlega *Academics guide to publishing* segir um tillögur að nýjum ritröðum: „Það sem þeir leita að er vel skilgreind og samhæfð ritröð sem höfðar til menningarkima, á örugga framtíð í mögulegum titlum (ekki ritröð sem gæti kannski bara samanstaðið af örfáum bókum) og er líkleg til að hafa sterka stöðu á markaði.“¹⁴

Það var þessi jarðvegur ritraða sem varð til þess að Hið íslenska bókmenntafélag ákvað að hefja útgáfu Lærdómsritanna. Þróun bókaútgáfu á Íslandi var ekki alveg jafn ör og í löndunum kringum okkur, bæði vegna þess hve samfélagið var lítið og þess að Íslendingar voru lengi vel efnahagslegur eftirbátur nágrannaþjóðanna. Hugmyndirnar sem lágu að baki útgáfu ritraða erlendis rötuðu þó hingað til lands. Sérstaklega urðu margir til þess að tala fyrir sjálfsmenntun alþýðunnar gegnum lestur góðra bóka. Þegar farið var í auknum mæli að stofna skóla hér á landi andmælti til að mynda Benedikt Gröndal þessari þróun. „Ásamt mörgum skoðanabræðrum var [Benedikt] kappsmál að efla menntun almennings en þá frekast með því að hlúa að hefðbundinni sjálfsmenntun með útgáfu góðra blaða og bóka. Þessi alþýðlega sjálfsmenntunarhugsjón átti sér áhrifamikla talsmenn alllangt fram á 20. öld.“¹⁵

Lærdómsritin hófu göngu sína árið 1970. Þá var öllum löngu orðið ljós nauðsyn þess að gefa börnum færi á að ganga í skóla, en þó eimdi enn eftir af hugsjóninni um sjálfsmenntun. Ljóst var að almenningur var ekki fær um að lesa merk rit á frummálinu, til þess var tungumálakunnátta af of skornum skammti, hvað þá að verða sér úti um útgáfur af þessum verkum. Til að auka aðgengi

¹⁴ What they will look for is a well-defined and coherent series that clearly claims a particular niche, has a strong projected future of titles (not a series that might potentially consist of no more than a handful of books), and has strong market potential. Fuller, 2005. 112.

¹⁵ Loftur Guttormsson, 2008. 56.

manna að slíkum bókum og þar með skapa samfélag menntamanna sem jafnaðist á við það besta úti í heimi réðst Hið íslenska bókmenntafélag því í útgáfu Lærdómsritanna. Hugsunin var að gefa öllum Íslendingum færi á að kynnast merkilegustu verkum hugmyndasögunnar í góðum þýðingum. Þess vegna var reynt að stilla verðinu í hóf, en ekki síður mikilvægt var að ákveðið var að hafa vandaðan inngang með hverju verki þar sem það var sett í samhengi við söguna og fræðin. Þetta sýnir að reynt var að höfða til almennings og veita honum fræðslu.

Lærdómsritin eru afar vel metin ritröð eftir að hafa komið út í 45 ár. Björn Þorsteinsson, annar núverandi ritstjóra er sér meðvitaður um þetta.

Verðmæti lærdómsritanna út frá markaðssjónarmiðum er gífurlegt. Að hafa allan þennan flokk á bak við sig, öll ritin í þessu sama glæsilega útliti sem Hafsteinn Guðmundsson bókagerðarmaður hannaði er náttúrulega öfundarefni flestra bókaútgefenda. ... Bækurnar selja sig svolítið sjálfar, þó innan þeirra marka að þetta eru ekki metsölubækur í jólabókaflóðinu. Sumar þeirra hafa gengið í endurprentunum aftur og aftur.¹⁶

Hefðarveldi og menningarlegar valdastofnanir

Forsendurnar fyrir vel heppnaðri ritröð eru skýr stefna og úrval bóka af ákveðinni tegund. Í ljósi þess að ritraðir byggja á úrvali er stefna útgefenda ritraða oft fólgin í því að gefa út góðar bækur, úrval af því besta sem hefur komið út innan ákveðinnar greinar bókmennta, og lærdómsritin eru þar engin undantekning. Þar sem hér er fjallað um valið sem fólgið er í útgáfu ritraðar þá verður ekki hjá því komist að taka fyrir þær hugmyndir sem við höfum um góðar bækur. Það er ljóst að ritraðir sem byggja á því að gefa út góðar bækur eru samofnar hugmyndinni um hefðarveldi í bókmenntum. Mikið hefur verið rætt og skrifað um hefðarveldi, en hér verður aðeins tæpt á nokkrum atriðum sem málið varða og tengjast efni ritgerðarinnar.

Hefðarveldi eða kanóna er afar merkilegt fyrirbæri, en á síðustu árum einnig afar umdeilt hugtak. Það gengur út á það að sumar bækur séu einfaldlega betri og mikilvægari en aðrar, hafi jafnvel siðbætandi áhrif á fólk og þær sé nauðsynlegt fyrir alla menn að lesa, að minnsta kosti alla sem vilja kalla sig menntamenn. Þessar bækur muni varðveitast um aldur og ævi á meðan aðrar falli í gleymsku og komandi kynslóðir ættu að og muni njóta þeirra á sama hátt og við og forfeður okkar höfum gert. Hugtakið klassík er í dag nátengt hugmyndinni um hefðarveldi, þó upphaflega sé það einungis heiti yfir þau verk sem varðveist hafa frá klassískum tímum, enda hafa klassískar bókmenntir átt heiðursess innan kanónunnar frá tímum endurreisnarinnar.¹⁷ Orðið ‚kanóna‘ kemur úr grísku og

¹⁶ Björn Þorsteinsson, 2015.

¹⁷ Í Alfræðikveri menningarsjóðs um bókmenntir sem Hannes Pétursson tók saman segir um Klassík: „(af latínu: *classicus*, „sá, sem er af 1. stétt, er rómverskir borgarar skiptust í), gildismat í bókm.: Það, sem skarar fram úr í

merkir staðall, regla eða fyrirmynd og er hugmyndin sú að bækurnar sem kanónan samanstandi af séu framúrskarandi í bókmenntasögunni og ættu sem slík að vera fyrirmynd annarra verka.¹⁸ Í Alfræðikveri menningarsjóðs um bókmenntir sem Hannes Pétursson tók saman segir um klassíska höfundar: „Sígildir höfundar, í þeim skilningi, að verk þeirra missa ekki list- og menntagildi sitt, þó tímar líði.“¹⁹

Við fyrstu tilhugsun er auðvelt að gera ráð fyrir því að til sé ákveðinn og afmarkaður hópur verka sem sé merkilegri en önnur og eigi skilið að vera settur á stall. Þetta viðhorf hefur líka verið ríkjandi í gegnum tíðina, eins og sjá má á ritróðum 19. aldarinnar. Flestir eru sammála um að sumar bækur eru betri en aðrar og ætla mætti að fræðimenn fyrri alda væru einfaldlega búnir að setja saman lista með þeim bókum sem kalla má meistaraverk. Síðustu ár og áratugi hefur þó staðið mikill styr um hefðarveldið samfara breytingum á samfélaginu og breyttum áherslum. Ekki er deilt um það að bækur séu ekki allar skapaðar jafnar en sú hugmynd að til sé endanlegur listi yfir góðar og merkilegar bækur, sem ekki muni breytast nema í mesta lagi að örfáum vel völdum verkum verði bætt við, er á undanhaldi. Frekar er talið að gildi bóka séu breytilegt eftir hugmyndafræðilegum sveiflum og ríkjandi valdastofnunum ólíkra tímasteiða. Sú staðreynd að flestar bækur í kanónunni hafa verið skrifaðar og lesnar af hvítum efri stéttar körlum þykir sýna hvernig valdastaða þeirra í samfélaginu smýgur inn í alla kima þess, og er menningin þar í engu undanskilin.

Þrátt fyrir að hefðarveldið hafi verið gagnrýnt mikið í gegnum tíðina er ljóst að áhrif þess, bæði á bókmenntafræði og kennslu bókmennta í háskólum sem og mat almennra lesenda á bókmenntum, eru enn afar víðtæk. Þær bækur sem teljast til hefðarveldisins fá meiri umfjöllun en aðrar meðal fræðimanna og eru fánlegar í bókaverslunum, meðan önnur minna þekkt verk falla í gleymsku og eru ekki endurprentuð. Ef við gætum verið viss um að þau verk sem teldust til hefðarveldisins væru í raun og veru þau einu sem skiptu máli og þyrfti að fjalla um væri þetta gott og blessað, en eins og gagnrýnendur hefðarveldisins hafa bent á er það afar litað af ríkjandi valdastofnunum samfélagsins og goggunarröð fólks eftir stéttum, kyni, aldri, húðlit og kynhneigð.

Málflutningur verjenda hefðarveldisins byggir á þeim skilningi að list sé ekki pólitísk heldur fagurfræðileg. Bækur séu ekki valdar eftir hagsmunapólitík heldur gæðum þeirra. Harold Bloom hefur verið einn dyggasti stuðningsmaður hefðarveldisins á síðustu árum og gaf út bók því til varnar árið 1994, *The Western Canon: The Books and School of the Ages*, þegar deilurnar um það stóðu sem hæst. Þar telur hann upp 26 kanóníska höfunda og birtir langan lista yfir það merkasta í bókmenntasögu heimsins, allt fram á vora daga. Harold tekur að vísu ekki undir hinar íhaldssömu

ágæti, er til fyrirmyndar, sigilt. Hugtakið í þessari merkingu mótaðist einkum á endurreisnartímanum með hliðsjón af verkum grískra og rómverskra höfunda, en náði síðar einnig til verka ýmissa annarra höfunda. Jafnframt tók k. að merkja hið sama og *gullöld*.” Hannes Pétursson, 1972. 59.

¹⁸ Kolbas, 2001. 23.

¹⁹ Hannes Pétursson, 1972. 60.

hugmyndir um siðbætandi áhrif klassískra bókmennta en gagnrýnir harkalega allar tilraunir til að víkka út kanónuna á því sem hann telur rangar forsendur. Fræðimenn sem gagnrýna hefðarveldið af þessum ástæðum kallar hann gremjuskólann (e. School of resentment) og segir þá misnota bókmenntir fyrir sína eigin vafasömu baráttu fyrir félagslegu jafnrétti. Rithöfundar samtímans hljóta ekki heldur náð fyrir hans augum, „[þeir] vilja ekki heyra að þeir þurfi að keppa við Shakespeare og Dante þrátt fyrir að sú barátta hafi verið ögrunin sem Joyce þurfti til að öðlast mikilfengleika sinn og þá upphefð sem Beckett, Proust og Kafka deila einir með honum af vestrænum höfundum.“²⁰

Kristján Árnason, þýðandi, hefur einnig gagnrýnt það sem hann telur hrörnun í bókmenntamenntun á Íslandi, sérstaklega skort á klassískum fræðum sem hann lítur á sem áhugaleysi á því að tileinka sér það besta frá heimsmenningunni. Hann kallaði íslenska fræðimenn heimóttarlega í grein frá 1978 þar sem hann sagði að „tilkoma eigin háskóla virðist hafa stuðlað að undarlegum heimalningshætti í mennta- eða fræðalífi þjóðarinnar, sem mætti ef til vill lýsa sem svo, að menn hafi verið svo uppteknir við að rýna í hverja hundapúfu á heimalandi sínu, að þeir hafi ekki mátt eygja Ólymps tinda.“²¹

Þrátt fyrir ástríðufullan málflutning Blooms, Kristjáns og fleiri, þá er því ekki að neita að gagnrýnendur hefðarveldisins hafa nokkuð til síns máls. Dean Kolbas segir að síðan í lok áttunda áratugarins, þegar fyrst var farið að nota orðalagið „að opna kanónuna“ hafi „... fjarvera bókmennta eftir konur, fólk úr minnihlutahópum vegna þjóðernis eða kynþáttar, rithöfunda utan hins vestræna heims, samkynhneigðra og fólks úr verkalýðsstétt úr safnritum, bókmenntasögu og námskrám vakið tilhneigingu til vanþóknunar á gervallri hugmyndinni um kanónu.“²² Síðan á 19. öld hafa farið fram miklar breytingar á samfélaginu sem flestar hafa snúið að því að uppræta óréttlæti gagnvart minnihlutahópum. Það hafði fengið að grassera í krafti þess að sumir væru betri en aðrir. Hvítir væri betri en svartir, karlar betri en konur, gagnkynhneigðir betri en samkynhneigðir og svo framvegis. Síðan þá hefur verið lögð mikil vinna í að breyta þessari hugsun. Það er því ekki nema furða að mörgum mislíki sú hugmynd að til sé listi yfir góðar bækur sem allir eigi að lesa. Ekki bætir svo úr skák að á honum megi aðallega finna bækur eftir hvíta karla úr yfirstétt.

Hvað er þá til ráða? Á að sleppa því að tala um kanónu yfirhöfuð? Lýsa í eitt skipti fyrir öll allar bækur jafnréttháar og jafngóðar? Það er erfitt af mörgum ástæðum, ekki síst þeirri að þrátt fyrir að hér sé talað um eina samhæfða kanónu og margir hafi reynt að festa þennan lista á blað, þá er hefðarveldið fljótandi hugtak sem hefur síður en svo verið stöðugt í aldanna rás. Bækur komast í eða

²⁰ Contemporary writers do not like to be told that they must compete with Shakespeare and Dante, and yet that struggle was Joyce's provocation to greatness, to an eminence shared only by Beckett, Proust, and Kafka among modern Western authors. Bloom, 1994. 7.

²¹ Kristján Árnason, 2004. 284.

²² ... The comparative absence of literature by women, racial or ethnic minorities, non-western writers, homosexuals, and the working classes from literary anthologies, histories, and of course syllabi has tended to arouse a certain indignation over the very idea of a canon. Kolbas, 2001. 37.

úr tísku eftir tíðarandanum og bestu verk bókmenntasögunnar að mati átjándu aldar skáldsins Alexanders Pope voru önnur en rómantísku skáldunum þóttu merkilegust og ekki þau sem T.S. Eliot setti á sinn lista. Eliot setti raunar fram hugmyndir sínar um hefðarveldi bókmennta og mikilvægi þess fyrir nýjan skáldskap í greininni „Hefðin og hæfileiki einstaklingsins“ sem birtist í íslenskri þýðingu í *Sporum í bókmenntafræði 20. aldar*.²³ Í greininni fjallar hann um það hvernig hefðin inniheldur merkar bókmenntir fyrri tíma, og mikilvægi þess að skáld afli sér þekkingar um fortíðina þar sem bókmenntir fyrri tíma séu einnig hluti okkar tíma.

[Hefðin krefst] sögulegs innsæis, er segja má að sé lífsnauðsynlegt hverjum þeim sem halda vill áfram að vera skáld eftir 25 ára aldur. Þessi söguskynjun felur ekki aðeins í sér tilfinningu fyrir fortíðargildi hins liðna heldur og þýðingu þess fyrir nútíðina. Hún neyðir okkur til að skrifa ekki aðeins með eigin samtíð í huga, heldur í vitund þess að evrópskar bókmenntir allt frá Hómer, og innan þeirra bókmenntir okkar eigin lands, eru samtíða og mynda samtímalegt kerfi.²⁴

Þessi hugmynd, um að það verði að þekkja fortíðina til að geta skrifað eitthvað sem skiptir máli fyrir samtíðina endurspeglast að vissu leyti í tilganginum með útgáfu Lærdómsritanna. Gefin eru út merk rit fortíðarinnar, undirstaða þekkingar samtímans, vegna þess að talið er að þau eigi enn erindi við lesendur.

Í dag má í raun segja að flestir noti hugtakið hefðarveldi sem einhvers konar safnheiti yfir þær bækur sem vakið hafa nægilega mikla athygli í gegnum tíðina en slá um leið þann varnagla að hér sé ekki endilega um að ræða bestu bækur heims, heldur miklu frekar þær sem mest hafa verið í sviðsljósinu. Þetta má til dæmis sjá á svari Ástráðs Eysteinsonar við spurningunni „Eru einhver verk sem teljast til heimsbókmenntanna enn óþýdd á íslensku?“ sem birtist á *Vísindavefnum* í ágúst árið 2000. Spurningin er í senn einföld og flókin. Einfalda svarið er vissulega „já“, ljóst er að mikið er óþýtt af heimsbókmenntunum, en nákvæmasta svarið væri væntanlega: „Það fer algjörlega eftir því hvað þú átt við með heimsbókmenntir“. Ástráður notar meirihlutann af orðafjölda svarsins í að grafa undan hugmyndinni um hefðarveldi heimsbókmenntanna, ekki eingöngu á grundvelli útilokunar minnihlutahópa, heldur líka í ljósi þess hve bundin sínu upprunalandi slík flokkun væri. Hann tekur kanónu Blooms sem dæmi til að geta svarað spurningunni, en bendir á hversu enskumiðað val hans sé. Að lokum segir hann: „Ég sæki mér þessi dæmi í bók Blooms til að lesendur fái að sjá nöfn og titla, en einnig til að undirstrika hversu hendingarkennt og staðbundið allt heimsbókmenntalegt val er.“²⁵

Hér er ekki ætlunin að leysa úr ágreiningnum um stöðu hefðarveldisins, heldur er tilgangurinn frekar að sýna fram á að þrátt fyrir að við fyrstu sýn virðist markmið Lærdómsritanna að gefa út góðar bækur, tiltölulega auðframkvæmanlegt, er málið langt frá því að vera svo einfalt. Með

²³ Eliot, 1991.

²⁴ Eliot, 1991. 44.

²⁵ Ástráður Eysteinson, 2000.

því að gefa eingöngu út bækur sem einsleitur hópur fræðimanna samþykkir sem hluta af hefðarveldinu hætta þeir á að koma fyrir sem andlausir og forpokaðir afturhaldsseggir en kasti þeir kanónunni fyrir róða eru þeir gagnrýndir fyrir að hunsa mikilvæg verk í bókmenntasögunni.

Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessum ágreiningi. Hér á landi hefur farið mest fyrir umræðu um hlut kvenna í bókmenntasögunni enda samfélagið frekar einsleitt og kvenréttindi stærsta félagslega baráttumálið. Þetta má til dæmis sjá á ritdeilu sem Gréta Kristín Ómarsdóttir og Hjalti Snær Ægisson áttu í fyrir örfáum árum. Gréta var þá nemi í bókmenntafræði og sat meðal annars námskeið í bókmenntasögu hjá Hjalta. Forsaga málsins er sú að hann hafði ásamt Gottskálki Jenssyni ritstýrt *Sýnisbók heimsbókmennta* sem kennd var í námskeiðinu.²⁶ Námskeið á borð við þetta byggjast bókstaflega á því að kenna nemendum um hefðarveldi bókmennta og í þessari sýnisbók mátti sjá svart á hvítu hver staðan var. Eini nafngreindi kvenhöfundurinn sem tekinn er fyrir í bókinni er forngríska skáldið Saffó og kvartaði Gréta í grein sinni sárt undan því að ritstjórum bókarinnar hefði ekki fundist ein kona í viðbót, á þessum 2500 árum sem liðin eru frá andláti Saffóar, hafa látið frá sér nægilega merkileg verk til að fá að prýða síður bókarinnar. Í grein sinni segir Gréta jafnframt:

Þvert á vaxandi vitund, þvert á niðurstöður póststrúktúralískra rannsókna og femínískrar gagnrýni á útilokandi og takmarkandi hefðaveldi bókmenntakanónunnar er konum enn meinaður aðgangur, ritskoðun kynjamismunar fortíðarinnar er enn við lýði. Bókmenntir kvenna skipta ekki máli, sögu kvennavitundar og reynsluheims kvenna er haldið fyrir utan vitundasögu, hugmyndasögu og bókmenntasögu mannkyns allt fram á okkar tíma.

Það er gömul tugga að sigurvegararnir skrifi söguna, og í þessu tilfelli eru sigurvegararnir tvímælalaust karlmenn, þeirra er arfleiðin, þeirra er bókmenntasagan. En mér er spurn — hver er ávinningur þeirra fræðimanna og kennara nútímans sem halda áfram að segja þá sögu og kenna hana af sannfæringu, þrátt fyrir að vita vel hversu takmörkuð hún er? Hvers vegna halda þeir áfram að þegja yfir bókmenntum kvenna eins og þær séu ekki til, eins og þær skipti ekki máli? Hvað eru þeir að verja annað en vald sitt yfir afbakaðri heimsmynd?²⁷

Hjalti svaraði gagnrýni Grétu í annarri grein sem birtist á sama vettvangi. Í henni kemur fram áhugavert sjónarmið á karlveldið innan kanónunnar sem tengist að mörgu leyti þeim erfiðleikum sem útgefendur ritraða standa frammi fyrir um þessar mundir. Hjalti talar um bókmenntasögu innan bókmenntafræðinnar sem aðeins lítinn hluta náms sem ætlað sé að veita heildaryfirsýn yfir bókmenntaheiminn. Að hans mati eru þá bókmenntasaga og annað skyldunámskeið í fornbókmenntunum heimili „dauðu hvítu karlanna“, en önnur námskeið kynni nemendur fyrir

²⁶ Gottskálg Jensson og Hjalti Snær Ægisson, 2011.

²⁷ Gréta Kristín Ómarsdóttir, 2013.

nútímalegri bókum. „Í núverandi mynd er kanónan skilgreind með hefðbundnum hætti í Bókmenntasögunni, en femínismi, fjölmening og afbygging karllægrar forræðishyggju eiga heima í öðrum námskeiðum. Hefðin er hér, endurskoðunin er þar. Þegar maður kann nógu góð skil á hvoru tveggja getur maður útskrifast.“²⁸ Hjalti bendir einnig á að þrátt fyrir að verkin sem kennd eru í námskeiðinu séu kölluð meistaraverk, sé þar iðkuð gagnrýnin hugsun og fræðileg gagnrýni eins og annars staðar í háskólanum. Að lokum bendir hann á að þýðendur hafi ekki sinnt verkum kvenna sem skyldi í gegnum tíðina og að vandamálið sé alþjóðlegt en ekki séríslenskt.

Þessi röksemdafærsla fyrir fjarveru kvenna í bókmenntasögunámskeiðinu varpar ljósi á algengt viðhorf til hefðarveldis bókmenntanna; við vitum öll að hin hefðbundna kanóna er úreilt og endurspeglar ekki nema lítinn hluta meistaraverka bókmenntanna, en hún er svo samgróin menningu okkar að það er mikilvægt að þekkja hana og erfitt að breyta henni. Þessi röksemdafærsla er um margt áhugavert, ekki síst vegna þess að Hjalti, forsvarsmaður hefðarveldisins í þessari ritdeilu, viðurkennir það sem gefið að hinir hefðbundnu meðlimir kanónunnar séu úreildir og úr tengslum við samtímann. Annað sem er athygli vert er að þrátt fyrir að hann gangi að því sem vísu að kanónan í þeirri mynd sem hún er kennd sé að mörgu leyti úreld er það að engu leyti gefið til kynna, hvorki í námskeiðskynningunni né *Sýnisbókinni* sem um er rætt.

Hefðarveldið er því hvergi nærri dautt úr öllum æðum, þó flestir séu sammála um að erfitt sé að setja saman einn ákveðinn lista yfir bestu bækur heims sem standast muni tímans tönn. Það þýðir þó ekki að menn hafi ekki reynt. Ógrynni eru til af listum yfir 100 bestu bækur heims, bækur sem allir verða að lesa og svo framvegis. Ekki er lengra síðan en árið 2014 að forsvarsmenn Kiljunnar tóku með hjálp landsmanna saman lista yfir 150 öndvegisrit íslenskrar bókmenntasögu þar sem Njála tróni á toppnum. Þessir listar eru jafn fjölbreyttir og þeir eru margir og um leið og þeir eru birtir eru þeir tættir sundur af lesendum þar sem þeir þykja ýmist gera einstaka bókum of hátt eða of lágt undir höfði. Óformlegri staðfestingar á tilvist hefðarveldisins má svo ekki síður sjá á ritröðum sem gefnar eru út. Nægir þar að nefna ritröð Forlagsins sem heitir einfaldlega því beinskeytta nafni Klassískar kiljur.²⁹

²⁸ Hjalti Snær Ægisson, 2013. – Hér má þó benda á veikleika í þessum rökum, þar sem konur hafa í það minnsta síðustu tvær aldir haft mikil áhrif á bókmenntasöguna, t.d. þróun skáldsögunnar, og teljast með fullum rétti til hefðarveldisins. Nægir þar að nefna Brontë-systur og Jane Austen sem þó er úthýst úr *Sýnisbókinni*. Sé litið til feminískrar endurskoðunar á bókmenntasögunni lengist listinn svo vitaskuld talsvert.

²⁹ Starfsemi Klassísku kilja Forlagsins er um margt áhugaverð og væri efni í heila aðra ritgerð. Bækurnar eru, líkt og Lærdómsritin gefin út í ódýru broti (kilju) með svipuðu útliti, og skiptist í íslenska og erlenda klassík. Samkvæmt upplýsingum frá Forlaginu er ekki fastmótuð ritstjórnarstefna að baki útgáfu ritraðarinnar „Klassískar kiljur“, margt hefur áhrif á val þeirra bóka sem út koma undir merkjum hennar s.s. tíðarandi hverju sinni, tímamót ýmis konar (s.s. afmæli eða andlát rithöfunda) og ábendingar lesenda og bóksala. Það er því áhugavert að líta á úrvalið sem sjá má strax við fyrstu sýn að tekur mun meira mið af endurskoðun hefðarveldisins heldur en Lærdómsritin. Í íslensku klassíkinni má finna allt frá fantasíum (*Gunnlaðar sögu* eftir Svövu Jakobsdóttur) til ævisagna (þrileiks Tryggva Emilssonar sem hefst með *Fátæku fólki*) til verka eftir Þórberg Þórðarson og Halldór Laxness. Í erlendu klassíkinni má svo sjá verk á borð við *Purpuralitinn* eftir Alice

Aðrir áhrifaþættir í útgáfu ritraða

Þrátt fyrir að hefðarveldið hafi augljóslega mikil áhrif á val verka til útgáfu í ritröðum eru þó margt annað sem spilar inn í. Raunar má einnig benda á að ritstjórar virtra samtímaritraða geta innan vissra marka haft talsverð áhrif á hvað telst til hefðarveldisins. Það er ekki þar með sagt að hægt sé að taka hvaða verk sem er og gera það hluta af hefðarveldinu, en það er ákveðinn virðingarstimpill sem fylgir því að verk sé útgefið í virtri ritröð auk þess sem aukið aðgengi lesenda að verkinu með nýrri útgáfu getur að sama skapi aukið umfjöllun um verkið og þar með auðveldað því leiðina í sitt sæti í kanónunni. Björn Þorsteinsson, ritstjóri Lærdómsritanna, segir um val þeirra á ritum til útgáfu: „Það eru reyndar ekkert öll verkin þannig að maður myndi segja að þau væru partur af kanónu Vesturlanda. Stundum tökum við minna þekkt verk og í raun höldum þeim að lesendum. Það er þá vegna þess að við ritstjórnarnir teljum þau eiga erindi inn í samfélagsumræðuna eða til fólks af einhverjum öðrum ástæðum.“³⁰ Frelsið er þó ekki alveg ótakmarkað, því það er margt sem spilar inn í val á efni til útgáfu hverju sinni auk þess sem hefðbundin virðingarstaða verka innan hefðarveldisins lætur á sér kræla í öðrum myndum.

Hugmyndafræðilega séð er tiltölulega auðvelt að setja saman ritröð. Ritstjórar hafa ákveðna lesendur í huga og velja bækur sem þeir telja líklegt að höfði til þeirra, auk þess sem þeir fylgja þeirri útgáfustefnu sem fest hefur í sessi. Allir ættu því að vera ánægðir. Þegar á hólminn er komið eru þó ýmsar hindranir á veginum sem hafa áhrif á það hvernig útgáfunni er hagað, enda á bókaútgáfa sér ekki stað í hugmyndafræðilegu tómarúmi. Sumar bækur sem hentað gætu til útgáfu þarf að leggja meiri vinnu í en aðrar og sumar er jafnvel ekki hægt að gefa út um sinn og verða að bíða betri tíma. Ástæðurnar geta verið margvíslegar en meðal stærstu áhrifavaldanna má nefna fjárskort og tafir á vinnu þýðanda eða þess sem skrifar inngang. Þar að auki eiga margar hindrananna sem íslenskir bókaútgefendur glíma við rætur sínar að rekja til tungumálsins. Til að skoða hvað hefur áhrif á hvernig valið er inn í ritröðina er ágætt að velta fyrir sér ferlinu sem hvert verk gengur í gegnum áður en það kemur í verslanir.

Fyrsta skrefið er vitaskuld að ákveða hvaða verk eigi að gefa út. Gera mætti ráð fyrir því að það gengi þannig fyrir sig að ritstjórnarnir tækju ákvörðun um hvaða verk ætti erindi í ritröðina og fyndu svo þýðanda fyrir verkið og einhvern til að skrifa inngang, og þannig gengi það vafalaust fyrir sig ef ritröðin væri að hefja göngu sína. Lærdómsritin hafa þó verið lengi við lýði og njóta virðingar á sínu sviði. Það er því algengt að þýðendur sem hafi áhuga á að þýða ákveðið verk sem þeim þyki henta til útgáfu í ritröðinni hafi samband við ritstjóra og bjóði þeim verk, annað hvort til að þýða eða

Walker, *Ævintýra góða dátans Svejks* eftir Jaroslav Hašek og *Demantstorgið* eftir Mercé Rodoreda. Þar er því að finna verk úr fjölbreyttu málsvæði og þar af leiðandi úr fjölbreyttum menningarheimum.

³⁰ Björn Þorsteinsson, 2015.

jafnvel fullkláruð handrit. Þegar gefa á út nýtt verk er fyrsta verk ritstjóranna því að athuga hvaða verk eru í boði og velja af þeim lista. Virðingarstaða ritraðarinnar auðveldar ritstjórum því að mörgu leyti verkið, en heftir val þeirra að sama marki. Þau verk sem þýðendurnir velja litast af áhugasviði þeirra og vitaskuld því málsvæði sem tungumálið sem þeir þýða úr þjónar. Eins og fyrr segir hafa lærdómsritin verið gagnrýnd fyrir það hversu fá þeirra eru skrifuð af konum, en málið er jafnvel flóknara, því konur koma einnig sjaldan að útgáfu verkanna. Fáir af þýðendum lærdómsritanna eru konur, og ekki margar konur skrifa inngangana að verkunum heldur. Annar ritstjóri lærdómsritanna, Eyja Margrét Brynjarsdóttir, er vissulega kona, en hún hóf ekki störf fyrr en árið 2014 og áður en hún tók við hafði engin kona gegnt því hlutverki. Þegar staðan er þannig er ljóst að langan tíma mun taka að gera marktækar breytingar, ekki síst þegar tekið er tillit til þess hversu hægt útgáfuférlíð er.

Þar að auki er framboð á þýðendum ekki mikið, enda landið ekki stórt. Þýðingar hafa lengi þótt nauðsynlegar í vestrænu samfélagi enda þykir okkur eðlilegt að bókleg vitneskja og fagurbókmenntir séu ekki eingöngu bundnar því málsvæði sem þær verða til á. Þýðingum fylgir hins vegar sú óheppilega hugmynd að hægt sé að færa kjarna texta óhindrað frá tungumáli til annars, og þýðingar séu ekki annað en færibandavinna sem gæti allt eins verið unnin af þýðingarvél Google. Eins og auðvelt er að sjá af afrakstri þýðingarvélrinnar er sannleikurinn fjarri lagi, enda tungumál nátengd samfélögum og gífurlega ólík, bæði í orðaforða og setningafræði. Þessi fastheldna hugmynd hefur þrátt fyrir það orðið til þess að margir meta þýðendur ekki að verðleikum, þeim er ætlað að vera ósýnilegum í bakgrunninum og afleiðingar þess eru að starfið er ekki jafn vel borgað og það þyrfti að vera. Því leggja fáir það fyrir sig, og eins og gefur að skilja eru þýðendur mishæfir auk þess sem þýðingar eru miskrefjandi. Við þetta bætist svo að íslenska málsvæðið er mjög fámennt og fjöldi þýðenda sem þó leggja þetta á sig eftir því. Eins og fyrr segir er tiltölulega auðvelt að finna einhvern til að þýða verk úr ensku en Björn segist hins vegar hafa rekið sig á að erfiðara sé að finna þýðendur úr öðrum tungumálum. Þegar litið er yfir þau rit sem komið hafa út er í raun merkilegt úr hve fáum tungumálum ritin eru þýdd. Flest Lærdómsritanna hafa verið þýdd úr ensku, tungumálum Mið- og Vestur-Evrópu (þýsku, frönsku) og í samræmi við áherslur hefðarveldisins, úr forngrísku og Latínu. Utan þessara þaulsætnu tungumála hins vestræna samfélags hefur lítið verið þýtt, þó með undantekningum. Í örfáum tilvikum hafa bækur verið þýddar úr millimáli, eins og þegar Helgi Hálfðánarson þýddi ritgerðir um Shakespeare úr ensku sem upphaflega voru skrifaðar á pólsku. Slíku er þó reynt að halda í lágmarki. Því má velta fyrir sér hvort skortinn á fjölþjóðlegri verkum megi rekja til þess hversu sjaldan ritstjórar hafa sjálfir frumkvæði að því að fá verk þýdd.

Þegar handrit bókarinnar er tilbúið þarf að koma því í prentun. Þar rekum við okkur á annan eiginleika Lærdómsritanna, sem bæði er kostur og galli, nefnilega brotinu og hinu samhæfða útliti

bókanna. Bækurnar hafa frá upphafi verið gefnar út í sömu hönnun eftir Hafstein Guðmundsson³¹, litlu broti með látlausri en sígildri kápu, annað hvort sem innbundið rit eða kilja. Þetta samhæfða útlit hefur ótvíræða kosti, rit í ritróðinni eru auðþekktanleg og þar sem ritróðin nýtur virðingar gera bókakaupendur strax ráð fyrir að hér sé vandað verk á ferð. Þessi virðingarstimpill gerir verkin jafnvel ákjósanleg fyrir fólk sem hefur ekki í hyggju að lesa þau, heldur lætur sér nægja að stilla þeim upp í hillu til að ná endurskini af ljóma menntunar í gegnum tíðina inn í stofu til sín. Að hafa bækurnar allar í sama broti er þó líka heftandi. Fræðibækur eru nefnilega í öllum stærðum og gerðum og merkileg rit eru ekki öll jafn löng, né er innihald þeirra sama eðlis. Brotið hentar vel til að gefa út stutt rit sem byggja rökfærslu sína aðallega upp á texta, en þegar bækurnar verða lengri, eða höfundar nýta sér skýringarmyndir í miklum mæli til þess að leggja áherslu á mál sitt, fara málin að vandast. Í einhverjum tilvikum hefur verið reynt að leysa málin með því að gefa langar bækur út í tveimur bindum, en sölutölur sýna að þær bækur seljast ekki jafnvel, enda verða þær tvöfalt dýrari.

Að lokum verður að huga að því hvað gerist þegar bækur lenda í hillum verslana, það er að segja, hvernig þær seljast. Áhugavert er að sala Lærdómsritanna virðist ekki sveiflast mikið eftir því hvort bækurnar eru vel þekktar eða ekki, með undantekningum þó. Bækurnar sem seljast hvað best eru hins vegar þær sem notaðar eru í kennslu, enda bætast árlega við árgangar af nemendum sem þurfa að verða sér úti um þær. Ýmislegt annað við sölna á Lærdómsritunum er frábrugðið því sem gengur og gerist í almennri bókaútgáfu. Á hinum almenna markaði gengur markaðsstarfsemin oftast út á að kynna nýútkomin verk með miklum fyrirgangi svo þau seljist sem best, komist helst á metsölulista og snúa sér svo að næsta verki. Þessu er ekki farið svo hjá Lærdómsritunum þar sem miklu frekar er reynt að selja bækurnar jafnt og þétt, enda lögð áhersla á að öll Lærdómsritin séu alltaf til á prenti og hægt sé að nálgast þau öll í verslunum. Þetta verður til þess að nýjum ritum er oft ekki hampað sérstaklega, og týnast jafnvel kannski í þvögunni, en vegna þess að öll ritin seljast hægt og rólega gerir það ekki svo mikið til. Bækurnar koma heldur ekki út fyrir jólin eins og svo algengt er, heldur er útgáfunni frekar dreift yfir árið. Einstaka verk vekja þó meiri athygli en önnur og svo var til að mynda um *Kommúnistaávarpið* sem kom út hjá Lærdómsritunum árið 2008 og var vel tekið í tíðarandanum eftir hrúnið. Þó má taka fram að vegna þess hve útgáfan gengur oft hægt fyrir sig er lítið reynt að stíla inn á tíðarandann þegar verk eru valin til útgáfu, heldur frekar treyst á að verkin haldi gildi sínu. Þegar Eyja Margrét var spurð út í valið á bókum til útgáfu var svarið: „Maður á kannski ekki að vera að hengja sig endilega í það að þetta séu sígild verk, heldur miklu frekar að þau séu merkileg. Hugmyndin er samt að þetta séu engar dægurflugur. Við vonumst til þess að

³¹ Björn Þorsteinsson, 2015.

Lærdómsritin séu að minnsta kosti sígild í þeim skilningi að þau haldi áfram að vera merkileg. Að við séum ekki að gefa eitthvað út sem muni vera vinsælt í eitt ár, en seljist síðan ekki eftir það.³²

Útgáfa Lærdómsritanna er þó ekki eingöngu fjármögnuð með sölu bókana heldur nýtur hún einnig ýmissra styrkja sem auðvelda útgáfuna. Styrkirnir sem Lærdómsritin njóta góðs af eru aðallega innlendir, auk þess sem ritröðin á bakland í Hinu íslenska bókmenntafélagi, sem einnig nýtur styrkja auk þess sem það safnar fé með annarri útgáfu og félagsgjöldum. Með því að hafa tiltölulega fjölbreyttar fjármögnunarleiðir, og leggja ekki allt sitt traust á styrki til útgáfu komast ritstjórar hjá því að þurfa að velta því fyrir sér hvort verk sé nægilega veigamikil í menningarsögunni til þess að hljóta náð fyrir augum erlendra sjóða. Ef svo væri ekki gæti það haft neikvæð áhrif á líkurnar á því að minna þekkt verk, til dæmis eftir konu eða einhvern annan sem hingað til hefur ekki hlotið virðingu sem skyldi fyrir verk sín, fái að koma út. Um söluvænleika verka sem íhuguð eru til útgáfu í ritröðinni segir Eyja Margrét:

Maður lendir í því líka að hugsa út í það hvað muni seljast, maður getur ekki leyft sér það að gefa eitthvað út sem maður sér fram á að muni ekki seljast. Maður reynir að hugsa sér að þau verk sem komi út eigi eitthvert erindi og að fólk vilji kaupa verkin og lesa þau. Maður hugsar þó ekki bara um það, enda hefur reynslan verið sú að það eru ákveðin verk í ritröðinni sem halda henni uppi. Sum verk seljast mikið og kosturinn við þessa ritröð er að þetta eru sígild verk sem halda áfram að seljast ár eftir ár og áratug eftir áratug. Sum eru svo notuð í kennslu í háskólum, jafnvel framhaldsskólum líka. Þau eru líka gefin í útskriftar- og fermingargjafir. Það er því hægt að leyfa sér að gefa eitthvað út sem maður veit að selst ekki mikið. Takmarkið er að finna þetta jafnvægi, sem er nauðsynlegt í allri bókaútgáfu, það þarf ekki allt að vera jafn söluvænlegt.³³

Þýðingaritröð Bókmennta- og listfræðistofnunar sem Gauti Kristmannsson átti hlutdeild í reiddi sig í meira mæli á styrkveitingar, t.d. frá Evrópusambandinu og þurfti því að huga að þessu. „Þessir klassísku höfundar eru, ef ég má orða það svo, styrkvænni. ... Það hefur örugglega haft áhrif á það að það er auðveldara að fá styrk fyrir verk eftir Walter Benjamin heldur en einhvern Simon Jones sem hefur gefið út eina bók. Þetta sér maður oft í reglum þessara sjóða, þar koma fyrir orð eins og veigameiri verk eða eitthvað slíkt. Það þýðir í veruleikanum að Franz Kafka á miklu meiri séns en Gunnar Gunnarsson. Lögmálið er að frægðin hefur áhrif.“³⁴

Þrátt fyrir að fjármagn hafi ekki mikil áhrif á valið á verkum til útgáfu markar það, eða öllu heldur skortur á því, þó starfsemi útgáfunnar að mörgu leyti. Allt er gert fyrir eins lítið fé og hægt er sem þýðir að öll vinnan er illa borguð. Það þýðir að enginn getur sett vinnuna fyrir lærdómsritin í forgang, heldur er hún unnin í hjáverkum meðfram öðrum störfum. Þetta veldur því að hlutirnir

³² Eyja Margrét Baldursdóttir, 2015.

³³ Eyja Margrét Baldursdóttir, 2015.

³⁴ Gauti Kristmannsson, 2015.

gerast hægt og miklar tafir geta orðið á útgáfunni.³⁵ Þetta ásamt öðru veldur því að breytingar geta tekið langan tíma.

Starfsemi Lærdómsritanna

Lærdómsritin hafa verið gefin út síðan árið 1970 og þegar þetta er skrifað hafa komið út meira en 80 rit. Tengsl ritraða og hefðarveldis hafa verið rædd fram og aftur og að því loknu er rétt að velta fyrir sér hvernig þetta hefur áhrif á Lærdómsritin og útgáfu þeirra.

Útkomu fyrstu Lærdómsritanna virðist hafa verið fagnað þegar þau hófu göngu sína. Í samantekt um útgáfuna sem *Morgunblaðið* birti var tekið fram að tilraunir til slíkrar útgáfu hefðu verið gerðar áður, bæði af hálfu Bókmenntafélagsins og annarra, þó ekki hefðu þær orðið langlífar. Það er því ljóst að mönnum þótti vöntun á því að góðar þýðingar á erlendum merkisritum væru fáanlegar. Það að þörfin hafi verið til staðar útskýrir þó ekki eitt og sér hvað seríunni hefur vegnað vel síðan, enda fáar útgáfur aðrar héraðs sem státa af því líku langlífi. Vandað hefur verið til útgáfunnar og það stuðlar líkast til að einhverju leyti að velgengninni auk þess sem Lærdómsritin eiga sér sterkt bakland í Hinu íslenska bókmenntafélagi.

Hvernig ritin eru unnin eða fjármögnuð skiptir þó vitanlega litlu máli ef valið á ritum er ekki vandað. Þetta val er líka það sem skilur að ritraðir og hefðbundna bókaútgáfu og skiptir sköpum í afkomu ritraðar. Í ljósi þess sem kom fram í *Academics guide to publishing*, um að ritröð þyrfti að hafa skýrt afmarkaða stefnu, er ekki úr vegi að taka fyrir stefnuna sem liggur að baki vali á verkum sem gefin eru út í Lærdómsritunum.³⁶ Þá kemur í ljós að sú stefna er í grunninn hinar stórorðu yfirlýsingar Sigurðar Líndals frá árinu 1970, þó ef til vill myndu ritstjórnir í dag orða hlutina öðruvísi. Björn segir:

[hún] hefur í raun ekki breyst. Metnaðurinn er að gefa út bækur á góðri íslensku um eiginlega hvað sem er. Verkin hafa í raun dekkjað flest svið vísinda og fræða, jafnvel bókmennta líka. Við gefum út vísindarit, stærðfræði, eðlisfræði og verufræði og svo alveg yfir í hugvísindi og heimspeki. ... Við erum sem sagt að reyna að gefa út einhvers konar kanónu vestrænna bókmennta, eða vestrænnar menningar.³⁷

Hugmyndin er að gefa út sígild verk og öll útgáfustarfsemin byggist á því að þau muni standast tímans tönn. Má þar til dæmis benda á að öll verkin í seríunni eru alltaf til á prenti og endurprentuð um leið og upplagið klárast. Eitt vinsælasta verkið í ritröðinni, *Síðustu dagar Sókratesar*, hefur verið endurprentað sex sinnum.

³⁵ Eyja Margrét Baldursdóttir, 2015.

³⁶ Eyja Margrét Baldursdóttir, 2015.

³⁷ Björn Þorsteinsson, 2015.

Þetta er þó ekki hægt að kalla skýra stefnu sem hægt er að hafa að leiðarljósi við útgáfustarfsemina. Eyja Margrét, hinn ritstjóri Lærdómsritanna segir:

Það hefur allavega ekki verið unnið nógu vel eftir skýrri stefnu, hlutirnir hafa verið látnir gerast of mikið af sjálfu sér á undanförnum árum eða áratugum. Það hefur verið svolítið mikið þannig að þýðendur banka upp á með verk og ritstjórnarnir skoða þau og segja annað hvort já eða nei eftir því hvort þeim líst á það. Þeir kannski hafna því ef þeim finnst þýðingarprufan ekki nógu góð eða bókin ekki henta til útgáfu en það hefur ekki verið nógu um að ritstjórar eigi frumkvæði að því að koma einhverju í þýðingu.

Þegar valið er látið fara fram á þennan hátt, ef svo má segja af sjálfu sér, minnkar vægi ritstjórnarinnar. Afleiðingin er sú að þegar litið er yfir ritin sem komið hafa út er ljóst að megnið af þeim tilheyrir einmitt þessu margumrædda hefðarveldi. Þar má sjá höfunda eins og Friedrich Nietzsche, Søren Kierkegaard, Platon, Aristóteles og John Stuart Mill,³⁸ menn sem hafa verið áhrifamiklir í vestrænni hugmyndasögu og verk þeirra jafnvel flokkuð sem undirstöðuverk, ekki síst vegna áhrifanna sem þau hafa haft á sögulega atburði. Það má hins vegar líka sjá að þekkingin, sem þessi verka mynda undirstöðuna fyrir, er af afar hefðbundnum, jafnvel íhaldssömum, toga. Menntun hefur tekið miklum breytingum síðastliðin hundrað ár. Sú menntun sem hentaði yfirstéttarmönnum, þar sem mikil áhersla var lögð á heimspeki, stjórnmálafræði og bókmenntir, og gríska og latína voru bráðnauðsynleg viðfangsefni, horfir öðruvísi við í heimi þar sem menntun er ætluð öllum. Í dag eru fornmálin til að mynda löngu hætt að vera skyldufög í menntaskóla. Aðrar fræðigreinar hafa á sama tíma aukið mikilvægi sitt.

Það er vert að velta því fyrir sér hvaða rit hafa verið gefin út í ritröðinni, en að sama skapi er merkilegt að skoða hvaða bækur hafa ekki enn verið gefnar út. Eins og komið hefur fram hefur ritröðin þegar þetta er skrifað aðeins að geyma tvær bækur eftir konur, *Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna* eftir Kari Killén og *Um sársauka annarra* eftir Susan Sontag, og örfáar bækur þýddar úr öðrum tungumálum en ensku, frönsku, þýsku og fornálmálum.³⁹ Það að nánast öll verk sem ekki uppfylla þau ströngu skilyrði að vera skrifað af karli á einhverju þessara fimm tungumála vanti í ritröðina segir okkur að sjónarhornið sem meirihluti Lærdómsritanna byggir á sé afar þröngt og endurspeglir ekki nema að litlu leyti skoðanir fólks í dag um hvaða verk beri höfuð og herðar yfir önnur frá sama tíma. Með því hætta ritstjórnarnir á að ritröðin missi tengslin við almenning og komi sér að fullu fyrir í fílabEinsturninum.

³⁸ Þess má geta að meðal þeirra verka sem komið hafa út í Lærdómsritunum eru þrjú eftir Aristóteles, tvö eftir Kierkegaard, þrjú eftir Mill og heil fimm eftir Platón.

³⁹ Lista yfir útgefin verk í ritröðinni má finna í viðauka.

Það er þó ekki hægt að líta á Lærdómsritin sem út eru komin sem lokað mengi og dæma ritröðina eingöngu út frá því sem út er komið. Hún er orðin 45 ára gömul og tíðarandinn tengdur því sem teljast vera meistaraverk sögunnar hefur breyst mikið á þeim tíma. Sérstaklega hefur hið hefðbundna hefðarveldi verið sett undir smásjána. Það er eðlilegt að ritin sem komu út á þessum tíma endurspegli það. Það sem er hægt að gagnrýna, og hefur ítrekað verið gert, er að ekki sé enn búið að bæta úr þessu og víkka út flokkinn. Aðrir aðilar hafa gert tilraunir til að fylla upp í þau göt sem Lærdómsritin hafa skilið eftir, til að mynda var það að einhverju leyti hugmyndin að baki Þýðingum Bókmennta- og listfræðistofnunar. Samkvæmt ritstjórum Lærdómsritanna stendur þó líka til að taka á þessu vandamáli innan ritraðarinnar. Björn segir: „auðvitað er heilmikið eftir. Okkur finnst líka að á 21. öldinni þurfi að víkka flokkinn út þó auðvitað hefur það verið í sífelldri mótun. Það gerist í raun sjálfkrafa og er í fullu samræmi við þessi prinsipp. Þetta eiga að vera bæði gömul rit og ný og af sem flestum sviðum fræða. Þau eiga að endurspeгла sem best menninguna og jafnvel ekki bara vestræna menningu.“⁴⁰ Eyja Margrét tekur undir þessa skoðun þegar hún er spurð um ímynd Lærdómsritanna: „Þetta er vandamál sem blasir við og þarf að breyta. Ég held það þurfi líka að gera það markvisst, þetta er ekki eitthvað sem lagast af sjálfu sér.“⁴¹ Nokkrar framfarir í þessa átt hafa líka átt sér stað á síðustu árum, til að mynda með afar metnaðarfullri þýðingu á *Ferlinu og dyggðinni* eftir Lao-tze, sem áður hafði komið út á íslensku undir nafninu *Bókin um veginn*. Þessi nýja þýðing er sú fyrsta sem er þýdd beint úr kínversku og fjallað er um verkið út frá þeirri heimspeki sem mótar það. Önnur nýleg bók er *Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna* eftir hina norsku Kari Killén en hún er undirstöðurit í uppeldisfræði og útgáfa hennar sýnir bæði vilja Lærdómsritanna til að víkka út hina þröngu skilgreiningu sína á þekkingu sem áður hafði verið allsráðandi og til þess að gera kvenhöfundum hærra undir höfði.

Lærdómsritin hafa alla tíð notið mikillar virðingar. Virðingarstaða þeirra er að einhverju leyti fengin frá tímamótaverkunum sem finna má í ritröðinni, eins og *Síðustu sögum Sókratesar*, *Uppruna tegundanna* og *Kommúnistaávarpinu* en á einnig rætur sínar að rekja til vandaðra þýðinga og ítarlegra innganga sem eru aðalsmerki ritraðarinnar. Þrátt fyrir það er ímynd ritraðarinnar afar íhaldssöm og ef útgefendurnir vilja stýra ritröðinni inn í nútímann án þess þó að fórna gæðakröfum, þarf að gera einhverjar breytingar. Fyrstu skrefin í þá átt hafa þegar verið tekin og vonast má til að haldið verði áfram að víkka út hugmyndir okkar um góðar bækur með útgáfu nýrra Lærdómsrita.

Niðurlag

Bókaútgáfa er afar sérstakt fag, sem lýtur fleiri lögmálum en eingöngu þeim markaðslegu. Á litlu landi sem Íslandi er aðgangi fólks að heimsbókmenntunum og helstu verkum hugmyndasögunnar að

⁴⁰ Björn Þorsteinsson, 2015.

⁴¹ Eyja Margrét Baldursdóttir, 2015.

mestu leyti stjórnað af bókaútgefendum. Ritraðir á borð við Lærdómsritin eru því enn mikilvægari héraendis en á stærri málsvæðum þar sem þær gera bæði almenningi og háskólasamfélaginu kleift að kynna sér mikilvæg verk á sínu móðurmáli, en slíkt hefur mikil og fjölbreytt áhrif. Fyrir það fyrsta veita þær fólki færi á að fræðast og kynnast nýjum hugmyndum eða fá í hendur verk sem dýpka skilning þess á eldri hugmyndakerfum. Þar að auki eru þær mikilvægt framlag til varðveislu íslenskunnar á öllum sviðum mannlífsins og síðast en ekki síst styrkja ritraðir sem þessar og styðja við íslenskan fræðaheim.

Þegar þannig er litið á málin er augljóst að ritraðir sem vettvangur til að fá merkisrit útgefin eru gríðarlega mikilvægar, og að sama skapi valdamiklar, þar sem þýðingar stjórna að vissu marki lestri á alþjóðlegum bókmenntum. Ritstjórar ritraðanna eru í hvert sinn sem þeir velja nýtt rit til útgáfu að tryggja því sess í hefðarveldinu héraendis, hvort sem sá sess er nýr eða áframhaldandi. Það er ábyrgðarhluti að vera mótandi afl á þennan hátt þegar kemur að hefðarveldinu, lesendur treysta ritstjórunum til þess að velja fyrir sig svo þeir verða að vanda valið. Í umfjöllun frá 1991 um þá nýútkomið Lærdómsrit átjándu aldar mannsins Samuels Johnson, *Vandræðaskáld*, gerir Erlendur Jónsson athugasemd sem sýnir þetta vel. Honum þótti bókin sú ekki endilega eiga erindi við íslenska lesendur og sagði: „Bókin er gefin út undir safnheitinu lærdómsrit. Og víst er unnt að koma Vandræðaskáldi undir þann hattinn. Eigi að síður kemur manni í hug að mörg verkefni kynnu að vera brýnni. Enn hafa ekki öll heimsins lærdómsrit verið þýdd og gefin út á íslensku, langt því frá.“⁴² Þarna er hægt að sjá að lesendur treysta á að útgefendur gefi út þau tímamótaverk sem nauðsynlegt sé að lesa til þess að vera með á nótunum í félagsskap menntaðs fólks.

Þegar það eru svona fáar útgáfur sem vinna að því að koma merkum ritum úr heimssögunni á prent á Íslandi er því augljóslega nauðsynlegt að þær fáu bækur sem koma út á ári endurspegli þó það sem efst er á baugi. Sé ekki svo eiga Íslendingar á hættu að fá skakka mynd af menningarsögunni, til að mynda að þeir einu sem skrifuðu merkilegar bækur hafi verið evrópskir karlar. Með því að stunda virka og gagnrýna ritstjórn er hægt að vinna að því að ritröðin myndi sem heillegasta mynd af því besta sem gerist úti í heimi.

Vitaskuld er algjörlega óframkvæmanlegt að uppfylla þau háleitu markmið sem sett voru fram á upphafsárum Lærdómsritanna, að leggja grundvöll að gervallri þekkingu á íslenskri tungu, enda bíða alltaf fleiri verk útgáfu sem mikilvægt væri að þýða. Þó mætti vel færa rök fyrir því að hið ófullkomna ástand ritraðarinnar sé í raun og veru fullkomið þar sem það gerir ráð fyrir svigrúmi ef nýjar uppgötvanir koma fram á sjónarsviðið eða tíðarandinn breytist og verk sem áður voru minna þekkt njóti meiri athygli.

⁴² Erlendur Jónsson, 1991.

Heimurinn umhverfis okkur er að minnka og alþjóðleg samskipti hafa aldrei fyrr verið jafn auðveld og algeng. Til þess að Íslendingar fái þrífist í alþjóðlegu samfélagi háskóla og vísinda er nauðsynlegt að þeir hafi aðgang að þeirri þekkingu sem heimurinn hefur upp á að bjóða. Það er því brýnt að okkar kynslóð haldi áfram því starfi sem unnið hefur verið á Íslandi síðastliðin ár og áratugi og gefi út, kynni sér og ræði bæði skáldverk og óskáldað efni hvaðanæva að úr heiminum. Það er því vonandi að Lærdómsritin sem og aðrir útgefendur haldi áfram að sinna starfi sínu af metnaði og krafti, en láti ekki forna frægð vera einu fjöðrina í hatti sínum.

Heimildaskrá

Prentaðar og netheimildir

- Ástráður Eysteinnsson. „Eru einhver verk sem teljast til heimsbókmenntanna enn óþýdd á íslensku?“ *Vísindavefurinn*. (2000) Skoðað 3.8. 2015. <http://visindavefur.is/svar.php?id=788>.
- Bloom, Harold. *The Western Canon; The Books and School of the Ages* (New York: Harcourt Brace & co., 1994).
- Brown, Dan. *Englar og djöflar* (Reykjavík: Bjartur, 2004).
- Colfer, Eoin. *Artemis Fowl*. Þýð. Guðni Kolbeinnsson (Reykjavík: JPV, 2001).
- Eliot, T.S. „Hefðin og hæfileiki einstaklingsins.“ *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, ritst. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, þýð. Matthías Viðar Sæmundsson (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991) 43-52.
- Erlendur Jónsson. „Lærdómsrit.“ Ritdómur um *Vandræðaskáld* eftir Samuel Johnson. *Morgunblaðið* 30. nóvember 1991. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/78216/>, skoðað 24. ágúst 2015.
- Fuller, Rob Kitchin og Duncan. *Acedemics Guide to Publishing* (London: Sage, 2005).
- Glasgow, Eric.. „The Origins of the Home University Library.“ *Library Review* 50 (2001): 95-99. <http://www.emeraldinsight.com/doi/full/10.1108/00242530110381145>. Skoðað 6. júní 2015.
- Gottskálf Jensson og Hjalti Snær Ægisson ritst. *Sýnisbók heimsbókmennta* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011).
- Gréta Kristín Ómarsdóttir. „Sagan Hans (ekki Grétu) . . . af heilögu bræðralagi bókmenntafræðinnar.“ *Af Druslubækur og doðrantar*. 28. mars. 2013. <http://bokvit.blogspot.com/2013/03/sagan-hans-ekki-gretu-af-heilogu.html#more>. Skoðað 16. júní 2015.
- Guardian, the*. „Penguin Classics: why are they publishing Morrissey's autobiography?“ 13. Október 2013. <http://www.theguardian.com/books/shortcuts/2013/oct/13/penguin-classics-morrissey-autobiography>. Skoðað 16. ágúst 2015.
- Hannes Pétursson. *Bókmenntir* (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, 1972).
- Hjalti Snær Ægisson. „Sinnið vel, telpur, gjöfum listagyðju: Um bókmenntasögu og kvenhöfunda.“ *Druslubækur og doðrantar*. 5. Apríl 2013. <http://bokvit.blogspot.com/2013/04/sinni-vel-telpur-gjofum-listagyju-um.html#more>. Skoðað 16. júní 2015.
- Jakob Benediktsson ritst. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, 1998).
- Jón Karl Helgason. „Alþingi, fornritin og tuttugasta öldin.“ *Handritin: Ritgerðir um íslensk miðaldahandrit, sögu þeirra og áhrif*, ritst. Gísli Sigurðsson og Vésteinn Ólason (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2002) 144-155.
- Kijinski, John I. „John Morley's "English Men of Letters" Series and the Politics of Reading.“ *Victorian Studies* 34 (1991): 205-222. <http://www.jstor.org/stable/3827738>. Skoðað 9. 6 2015.
- Kolbas, E. Dean. *Critical Theory and the Literary Canon* (Boulder: Westview, 2001).

Kristján Árnason. „Fyllt upp í eyður: Sígild erlend skáldrit á íslensku.“ *Hið fagra er satt* (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2004) 283-293.

Loftur Guttormsson. „Sjálfsprottinir skólar“. *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Fyrri bindi: Skólahald í bæ og sveit*, ritst. Loftur Guttormsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008) 56-71.

Morgunblaðið. „Grundvöllur að allri þekkingu á íslensku.“ 25. september 1970: 17-18.

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=114513&pageId=1414819&lang=is&q=L%E6rd%F3msrit. Skoðað 15. ágúst 2015.

Munnlegar heimildir

Björn Þorsteinsson. Viðtalið tók Gréta Sigríður Einarsdóttir 29. maí 2015.

Eyja Margrét Baldursdóttir. Viðtalið tók Gréta Sigríður Einarsdóttir 28. júlí 2015.

Gauti Kristmannsson. Viðtalið tók Gréta Sigríður Einarsdóttir 16. apríl 2015.

Viðaukar

Viðtal við Björn Þorsteinsson 29. maí 2015

GSE – Sæll Björn. Gætirðu byrjað á að segja mér í stuttu máli frá Lærdómsritum hins íslenska bókmenntafélags og þínu hlutverki við útgáfu þeirra?

B – Já, ég er ritstjóri flokksins og hef verið síðan 2005, held ég. Þá var ég ritstjóri ásamt öðrum, Ólafi Páli Jónssyni. Svo hætti hann árið 2012 og þá var ég eini ritstjórinn í tæplega tvö ár. Eyja Margrét Brynjarsdóttir er ritstjóri ásamt mér. Hún byrjaði síðla árs 2014. Ég er að fara að hætta um næstu áramót og hún tekur alfarið við, allavega tímabundið. Það hefur reynst ágætlega að vera með tvo ritstjóra. Hlutverk mitt er að velja bækur til útgáfu, halda utan um þýðingu og inngangsskrif og lesa yfir og ganga frá textanum ásamt yfirlesurum sem við fáum utan úr bæ. Svo þarf að fylgja bókunum eftir alla leið í prentsmiðjuna, gegnum umbrot og allt prentferlið. Þar fyrir utan þarf ég að einhverju leyti að hafa skoðun á og vera til ráðgjafar varðandi markaðssetningu og markaðsmálin. Það hefur þó í sjálfu sér ekki verið mjög stór þáttur í mínu starfi, en er þó alltaf í og með. Annars eru þau mál aðallega á könnu rekstrarstjóra bókmenntafélagsins, Ólafar Dagnýjar Óskarsdóttur.

Bókmenntafélagið er þannig uppbyggt að öll dagleg störf, allt daglegt amstur, t.d. markaðssetning og dreifing, er á hennar herðum. Hún er reyndar með hálfan starfsmann með sér, í bókhaldið, en þetta er lítið félag. Lítið, en gamalt og virðulegt. Það er frekar lítil yfirbygging.

GSE – Hvernig er ferlið þegar kemur að því að gefa út nýja bók í bókaflokknum?

B – Það eru nokkrar leiðir í rauninni. Lærdómsritin eru vinsæll bókaflokkur, þau seljast vel, allar 84 bækurnar, eða hvað þær eru orðnar margar. Við erum því með mikið af áhugasömum þýðendum og fólki sem vill koma að bókunum. Við erum því með langan lista af bókum sem eru í rauninni í vinnslu. Ég hef því í rauninni sem ritstjóri ekki gert mikið af því að eiga frumkvæði að bókum, alfarið. Þegar ég tók við, vorum við náttúrulega báðir jafnréttsháir, ritstjórarnir, en hann sem hafði verið þarna á undan, Ólafur Páll, hélt utan um heildaryfirlit yfir bækur sem eru í vinnslu og það sem maður gerði var í rauninni bara að taka við bókum af þeim lista. Útgáfa Lærdómsrita er í raun sjálfbær að því leyti, þetta er eins og með útgáfu akademískra tímarita, það þarf að tryggja nægilegt innstreymi af efni, sem getur í einhverjum tilvikum verið erfitt. Eitt aðalatriðið við að halda uppi gæðum er að það komi inn nóg af efni svo hægt sé að vinsa það besta úr og hafna öllu hinu. Þá verður öll vinnan miklu auðveldari. Lærdómsritin þurfa ekki að kvarta yfir því að það sé ekki nóg af efni.

Hinsvegar er oft meiri vinna en maður heldur að ganga frá bókum til prentunar. Þýðingar þurfa oft meiri aðhlyningu en maður gerir sér grein fyrir í upphafi. Bókaútgáfa er alltaf byggð á óbilandi bjartsýni og ákveðinni raunveruleikafirringu. Maður vill gefa út áhugaverðar bækur, en það verður

líka að hugsa um breiddina, að einhverju leyti að breyta flokknum og víkka hann út. Ég er til dæmis mjög stoltur af bókinni sem kom út á síðasta ári. Það kom bara út ein bók á síðasta ári sem var bókin *Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna* eftir Kari Killén. Þetta er mikið verk og óvenjulegt sem lærdómsrit að mörgu leyti meðal annars vegna þess að hún er að fjalla um uppeldismál. Bókin fjallar um uppeldi barna og hlutverk foreldra í því, líka umönnunaraðila á stofnunum og hvernig þetta á allt að vinna saman. Þetta er, að ég held örugglega, fyrsta bókin sem kemur út sem fjallar beint um þetta þó auðvitað hafi komið út bækur sem fjalla um sálgreiningu. Svo er bókin líka eftir konu. Það er eitthvað sem lærdómsritin skammast sín hvað mest fyrir, og hafa verið höfð að háði og spotti fyrir, að það eru komin út 84 lærdómsrit, en aðeins tvö þeirra eru eftir konur. Það er ekki gott og við erum að vinna markvisst í því að fjölga þeim. Það tekur hinsvegar allt svolítið langan tíma í svona bókaflökki. Það er nokkurra ára ferli að koma út bók.

GSE – Þegar Lærdómsritin hófu fyrst að koma út var stefnan sú að leggja grundvöll að gervallri þekkingu á íslenski tungu. Hver er stefnan í dag? Af hverju er verið að gefa þessi rit út?

B – Það hefur í raun ekki breyst. Metnaðurinn er að gefa út bækur á góðri íslensku um eiginlega hvað sem er. Verkin hafa í raun dekkað flest svið vísinda og fræða, jafnvel bókmennta líka. Við gefum út vísindarit, stærðfræði, eðlisfræði og verufræði og svo alveg yfir í hugvísindi og heimspeki. Það hefur náttúrulega verið mikið af heimspekiritum í þessu og eitthvað af félagsvísindum líka, hagfræði til dæmis. Þorsteinn Gylfason markaði þá stefnu að gefa út bækur á ólíkum sviðum. Fyrstu tíu bækurnar fara yfir jafn ólík svið og raunvísindi, hugvísindi, félagsvísindi, hagfræði, sálgreiningu og svo auðvitað heimspeki, bæði nýrri heimspeki og fornaldarheimspeki. Við erum sem sagt að reyna að gefa út einhvers konar kanónu vestrænna bókmennta, eða vestrænnar menningar. Það hefur gengið allvel en auðvitað er heilmikið eftir. Okkur finnst líka að á 21. öldinni þurfi að víkka flokkinn út þó auðvitað hefur það verið í sífelldri mótun. Það gerist í raun sjálfkrafa og er í fullu samræmi við þessi prinsipp. Þetta eiga að vera bæði gömul rit og ný og af sem flestum sviðum fræða. Þau eiga að endurspegla sem best menninguna og jafnvel ekki bara vestræna menningu. Ég var til dæmis mjög ánægður með að geta komið nálægt því að koma út *Bókinni um veginn*, svokallaðri, í endurnýjaðri útgáfu. Þetta er fyrsta þýðingin á íslensku úr kínversku. Í raun er þetta fyrsta vandaða og fræðilega þýðingin á þessu merka riti. Þetta er ekki bara rit sem ætti að selja í blómabúðum, heldur á að taka það alvarlega sem heimspekiriti og það er klassískt sem slíkt. Það heitir *Ferlið og dyggðin* í okkar útgáfu. Það eru ákveðin heimspekileg rök fyrir því að hún heiti það. Ragnar Baldursson þýddi hana. Við erum alltaf að reyna að hugsa út fyrir rammann. Það gengur líka vel, það er eftirspurn eftir ritum í þessum flokki.

GSE – Þú segir að þessar bækur seljist alltaf vel, stendur þetta alveg undir sér?

B – Já, en það er nú reyndar ekki verið að moka inn neinum peningum. Það er mjög sjaldgæft að lærdómsritin komist á metsölulista til dæmis. Ég man til að mynda bara eftir einu dæmi um lærdómsrit sem komst á metsölulista fyrir jólin, en það var *Kommúnistaávarpið*. Það kom út um haustið 2008 sem var náttúrulega afskaplega góður tími fyrir þá bók. Hún kom nú reyndar út þá því það var 160 ára afmæli bókarinnar og í tilefni af þessu ártali vorum við búin að sjá það fyrir okkur að gefa bókina út á þessu ári. Það var þáverandi rekstrarstjóri, Gunnar Ingimundarson sem átti frumkvæðið að því. Hugmyndirnar að ritunum koma oft frá öðru starfsfólki Bókmenntafélagsins líka. Eitt varðandi kostnaðinn er það að það er prinsipp hjá okkur að öll lærdómsrit eigi að vera til í verslunum. Ef þau seljast upp hjá okkur þá endurprentum við þau og það er auðvitað kostnaður líka. Til dæmis á árinu 2011 voru tíu rit endurprentuð. Það var stór biti að kyngja fyrir litla útgáfu.

GSE – Fáíð þið einhverja styrki líka?

B – Já, við sækjum alltaf um styrki í öll rit og erum tiltölulega fundvís á það, miðstöð íslenskra bókmennta hefur til dæmis styrkt Lærdómsritin mjög vel. Bókmenntafélagið sjálft fær líka ríkisstyrk. Það er á fjárlögum og hefur verið lengi. Eftir hrun var það reyndar skorið niður og er ekki mjög hátt lengur en Lærdómsritin eru alltaf stór hluti af útgáfu Bókmenntafélagsins. Við reynum sem sagt að gefa út eitt til fjögur rit á hverju ári. Á þessu ári verða þau til dæmis líklega fjögur. Annar vandi við að gefa út svona rit er sá að það getur verið erfitt að vekja athygli á nýju ritunum, því þau eiga það til að drukna meðal allra hinna. Bókunum er mikið stillt upp í bókabúðum í tengslum við útskriftir og fermingar og eitthvað svoleiðis, og þá velur búðarfolk bara eitthvað sem því finnst viðeigandi. Það getur verið úr öllum katalógnum og nýju bækurnar er ekkert endilega þar á meðal. Lærdómsritin eru heldur ekki jólabækur, við reynum frekar að forðast jólabókaflóðið, þó það takist reyndar ekki alveg alltaf. Ég hef stundum talað um að það sé þolinmótt fjármagn í þessu, það er enginn sem panikkar þó bókin drukni í jólabókaflóðinu, því þá heldur hún bara áfram að seljast næsta ár á eftir ef rétt er á málunum haldið.

GSE – Það er kosturinn við að gefa út sígild verk væntanlega?

B – Já, einmitt. Það eru reyndar ekkert öll verkin þannig að maður myndi segja að þau væru partur af kanónu Vesturlanda. Stundum tökum við minna þekkt verk og í raun höldum þeim að lesendum. Það er þá vegna þess að við ritstjórnarnir teljum þau eiga erindi inn í samfélagsumræðuna eða eiga erindi til fólks af einhverjum öðrum ástæðum. Kari Killén bókinn, *Áhrif bernskunnar*, er náttúrulega kannski að einhverju leyti dæmi um það. Hún er reyndar klassískt verk í barnavernd, hún er norsk en er á heimsmælikvarða, Norðurlöndin eru framarlega á þessu sviði.

GSE – Hvernig gengur salan á þessum verkum sem ekki eru jafn vel þekkt?

B – *Kommúnistaávarpið* er nú þekkt rit sem seldi sig að mestu leyti sjálft, sérstaklega í þessum aðstæðum. *Ferlið og dyggðin* hefur líka selst gríðarlega vel, þetta eru bækurnar sem selst hafa hvað mest á síðastliðnum árum. Að öðru leyti er enginn merkjanlegur munur á því hversu vel bækurnar seljast eftir því hvað hátt þær eru skrifaðar í einhverri kanónu. Helsti munurinn er sá að stærstu verkin, þau sem þurfa að fara yfir í tvö bindi, þau seljast yfirleitt ekki eins vel. Merkjanlegi munurinn er líka að ef ritin eru í kennslu í háskólanum, eða annars staðar þá seljast þau jafnt og þétt og nánast hægt að framreikna hvenær þau verða uppseld. Það eru ritin sem halda bókaflokknum í heild uppi. Það mengi fer hinsvegar líka sístækkandi, því við erum alltaf að gefa út fleiri rit sem rata beinustu leið inn í leslista námskeiða í háskólunum. Það eru jafnvel rit sem hafa verið á leslistum áður en þá bara á ensku. Þegar þau eru komin út á íslensku er ljóst að nemendum finnst það betra. Það hefur auðvitað breyst gríðarlega mikið á síðustu 20 árum hvað þetta varðar. Lesefni á íslensku, allavega í hugvísindunum, hefur stórukist.

GSE – Hver er kosturinn við að gefa út ritröð í stað þess að gefa út áhugaverðar bækur einar og sér?

B – Grunnhugmyndin að baki lærdómsritunum er að gefa út ritröð, upphafsmenn þeirra töldu það gæti verið sniðugt og eftirspurn eftir því. Hugsanlega er einhver menningarpólitík á bak við það að gefa út ritröð líka. Þegar Mál og menning var t.d. stofnuð á sínum tíma, þá var það bókstaflega í uppfræðslutilgangi. Það átti að uppfræða alþýðuna og þetta er í raun voða svipað. Hugmyndin er að koma út merkjum ritum og nýjustu ritum og rannsóknum í vísindum og fræðum og koma þeim út á íslensku. Það átti líka að hafa inngang að þeim sem er til þess fallinn að hjálpa lesendunum, kynna ritið fyrir honum en ekki lesa það ofan í hann. Hugmyndin er sú að íslenskir lesendur þurfi aðstoð til að geta byrjað að lesa verkið upp á eigin spýtur. Þess vegna eru þessir ítarlegu inngangar og það hefur verið haldið í það. Já, við höldum í öll þessi prinsipp sem lagt var upp með. Eftir á, og í og með, kemur upp þetta markaðssjónarmið sem gengur ótrúlega vel upp. Verðmæti Lærdómsritanna út frá markaðssjónarmiðum er gífurlegt. Að hafa allan þennan flokk á bak við sig, öll ritin í þessu sama glæsilega útliti sem Hafsteinn Guðmundsson bókagerðarmaður hannaði er náttúrulega öfundarefni flestra bókaútgefenda. Það er af góðri ástæðu, bækurnar selja sig svolítið sjálfar, þó innan þeirra marka að þetta eru ekki metsölubækur í jólabókaflóðinu. Sumar þeirra hafa gengið í endurprentunum aftur og aftur. Metið á væntanlega *Síðustu dagar Sókratesar* sem að ég held að hafi verið endurprentuð 6 frekar en 7 sinnum. Þetta gæti verið einhvers konar met á íslenskum bókamarkaði, fyrir utan Biblíuna og *Passíusálmana*.

GSE – Mynduð þið segja að þið væruð að verða búin með aðalatriðin?

B – Nei. Eyja, meðritstjóri minn, er sammála mér um það, það er nóg eftir. Það er nú líka vegna þess að kanónan tekur sífelldum breytingum. Í heimspekinni eru menn til dæmis að komast að því að það

eru til ýmis rit eftir konur sem eru gífurlega merkileg og þarf að gefa út. Við erum að vinna að útgáfu þeirra. Kanónan er heldur ekki lengur bundin við hinn vestræna heim. Við horfum út fyrir það og viljum gefa út bækur frá hinum austræna menningarheimi líka. Ef tekinn er fyrir ákveðinn angi kanónunnar sem þó hafa verið gerð ágæt skil í útgáfu Lærdómsritanna, eins og til dæmis stjórn málaheimspeki, þá er samt heilmikið eftir þar. Við eigum eftir að gefa út *Levíatan* eftir Hobbes og stjórnspekina eftir Aristóteles til dæmis. Þó er búið að gefa út *Ríkið* eftir Platon, *Ritgerðir um ríkisvald* eftir Locke, *Samfélagssáttmálann* eftir Rousseau og svona. Samt er ýmislegt eftir, við erum bara rétt að byrja.

GSE – Að lokum, þú segir að það séu frekar þýðendur sem komi til ykkar með uppástungur að verkum frekar en að þið séuð aktíft að leita að verkum, hvaða áhrif hefur það á heildarútgáfu lærdómsritanna? Eru til dæmis einhver málsvæði sem bara vantar? Eða einhver kimi menningar sem þið getið ekki gefið út því það eru engir þýðendur sem tala málið eða jafnvel skortir áhugann?

B – Já, auðvitað. Við höfum leyft okkur að gefa út bækur sem eru þýddar úr millimáli. Við höfum t.d. gefið út ritgerðir um Shakespeare sem Helgi Hálfðánarson þýddi úr ensku, þrátt fyrir að þær hafi upprunalega verið skrifaðar á pólsku. Sú enska útgáfa var að vísu eitthvað sem höfundurinn hafði lagt blessun sína yfir. Við höfum verið að reyna að horfa til annarra heimshorna líka. Það væri áhugavert að kortleggja úr hvaða tungumálum ritin hafa verið þýdd. Enska og forngríska eru líklega efst á blaði. Töluvert hefur líka verið þýtt af þýsku og eitthvað úr frönsku. Tiltölulega lítið hefur verið þýtt úr spænsku myndi ég halda. Þriðjaheimsmál svokölluð hafa ekki verið mjög vel dekkud heldur. Við eigum þetta eina rit úr kínversku, en þau ættu náttúrulega að vera miklu fleiri. Líka frá Indlandi og Japan og svo mætti lengi telja. Ég hef stundum verið að reka mig á það að mér finnst erfitt að finna þýðendur sem mér finnst passa til að taka að sér verk úr segjum öðrum málum en ensku. Það eru miklu færri þýðendur sem þýða úr öðrum málum en ensku.

Viðtal við Gauta Kristmannsson 16. Apríl 2015

GSE – Hver var þinn þáttur í útgáfu þýðingaritraðar Bókmennta- og listfræðistofnunar?

GK – Ég gegndi starfi þýðanda og ritstjóra. Markmiðið með þessari ritröð var, eins og sjá má í inngangi Guðna Elíssonar, að færa orðræðu þessara fræða yfir á íslensku. Þetta var gert svo hægt sé að skrifa um þessa hluti, í lokaritgerðum og fræðigreinum og vitna í þessi stóru nöfn, Bakhtín, Kristevu og Benjamin á íslensku. Í bókmenntaumræðu á Íslandi rekur maður sig sífellt á það að hver og einn er að þýða hugtök og tilvitnanir fyrir sig svo hugmyndin var að með því að þýða alla þessa texta á íslensku væri hægt að fá skýrara samhengi í bókmenntaumræðuna.

Upphafið að þessu verkefni var þegar *Spor í bókmenntafræði* voru gefin út og byrjað var að leggja vinnu í að þýða greinar og ýmis verk eftir þekktu höfunda, t.d. Foucault. Í framhaldi af því var ákveðið að setja upp ritröð. Ritröð hefur þann kost að það er auðveldara að skilgreina markmið með útgáfu og í framhaldi af því sækja um styrki og koma verkunum á framfæri. Þessi ritröð Bókmennta- og listfræðistofnunar var til að mynda nánast öll fjármögnuð af styrkjum frá Evrópusambandinu. Með því að hafa aðgang að þýðingarstyrkjum Evrópusambandsins, þá þýddi það að útgáfan var fjárhagslega tryggð. Þetta eru mjög erfiðar þýðingar og kostnaðarsamar vegna tímans sem menn þurfa að eyða í þetta, enda eru þetta flóknir textar. Bókmenntasjóður sem áður hét þýðingarsjóður kom líka að starfseminni en þetta má yfirleitt sjá fremst í hverju verki, hver styrkti.

Útkoman er sú að nokkur af helstu verkum þeirra fræðimanna sem hvað mest er vitnað til eru nú til á íslenskri tungum með íslenskum hugtökum sem gerir það allt öðruvísi að skrifa um hann á íslensku.

Eins og alltaf í svona ritröðum verður samt að velja og hafna þegar kemur að útgáfu. Hér var farin sú leið að velja frekar nútímafræðimenn sem eru mikið í umræðunni í samtímanum frekar en að ráðast í útgáfu eldri verka. Okkur þótti heldur ekki fýsilegt að fara að standa í samkeppni við Lærdómsrit Bókmenntafélagsins sem staðið hafa sig afar vel í útgáfu eldri verka. Ég þýddi t.d. eina bók fyrir þá, eftir Gotthold Ephraim Lessing frá 18. öld, um skáldskap og myndlist.

GSE – Og var þetta meðvituð ákvörðun?

GK – Já, það var alveg klárt. Hugsunin var náttúrulega að reyna að skapa orðræðu á íslensku. Að geta talað um þessi nútímafræði á íslensku án þess að þurfa að hugsa okkur um. Maður sér þetta líka í lokaritgerðum nemenda sem eru allt í einu farnir að geta vitnað í 5–6 bækur á íslensku í stað þess að þurfa sjálfir að þýða. Við það má bæta að margir fræðimenn skrifa ekki einu sinni á ensku svo nemendur hafa verið að nýta sér enskar þýðingar á frönskum eða þýskum textum og þá getur margt skolast til.

Annar kostur við ritraðir er að hægt er að hafa samhæft útlit sem lesendur fara að þekkja. Þetta er náttúrulega ekki ný hugmynd og má sjá á erlendum ritröðum.

Það að íslenskan sé virkt tungumál í fræðaheiminum er mikilvægt því það sem gerir tungumál lifandi er að það sé virkt í svokölluðum umdæmum. Umdæmi eru þau svið sem tungumálið er notað á og ef við hættum að tala og skrifa á íslensku um einhver af þessum sviðum, nútímafræði, tölvumál eða þess háttar þá deyr tungumálið hægt og rólega. Mörgum finnst þetta vera bölbætur, en þetta er bara staðreynd. Ef fólk fer að lesa, skrifa og tala á erlendum málum þá verða engin tæki til að taka upp þráðinn á tungumálinu, orðræðan verður ekki til. Þetta er líka tilgangurinn með þýðingunum í *Ritinu*, tímariti Hugvísindastofnunar og *Milli mála* hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Þessi tímarit eiga að vera vettvangur fyrir fræðimenn Háskólans til að birta niðurstöður sínar á ritrýndum vettvangi, en eitt af því sem hefur verið í *Ritinu* frá upphafi er þýðing á frægri fræðigreini. Það hefur skipt miklu máli að fræðimenn og nemendur geti vitnað í þessar greinar.

GSE – Gætirðu útskýrt nánar hverjir kostirnir eru við að gefa út ritröð frekar en einstök verk?

GK – Já, þetta er algengt verkfæri í fræðiheiminum og er ætlað til þess að skapa ramma sem gerir það að verkum að auðveldara er að sækja um styrki og þess háttar ólíkt því þegar gefa á út einstakt verk. Þá er hægt að vísa til fyrri verka í ritröðinni. Ritröðin fær ákveðið vægi. Það fylgir því heiður að fá útgefið verk eftir sig í virtum ritröðum. Það besta í fræðaheiminum kemur út í ákveðinni ritröð og þá vilja menn vera þar. Þetta er vegna þess að með því að gefa út góðar og merkilegar bækur þá vinnur ritröðin sér inn traust lesenda. Þess vegna erum við líka með þennan stífa ramma, ritstjóra og ritrýni. Það er áframhald í þessu og þess vegna eru ritraðir svo mikilvægar í fræðaheiminum.

GSE – Nú kom síðasta verk í ritröðinni út árið 2009, hver er staða hennar í dag?

GK – Sannleikurinn er sá að þó ritröðin hafi verið myndarlega styrkt af Evrópusambandinu, þá kostar gríðarlega mikla vinnu, tíma og peninga að halda úti svona ritröð og afraksturinn var engan veginn í samræmi við vinnuframlag. Menn hafa líka öðrum verkefnum að sinna auk þess sem styrkir til slíkra verkefna fást ekki alltaf. Ritröðin er því ekki formlega hætt þó ekki hafi neitt komið út síðan 2009. Það vantar hins vegar peninga og mannskap til að hægt sé að halda áfram.

Þetta er gífurleg vinna sem liggur þarna að baki og stífir skilafrestir á verkefnum sem styrkt eru hjá Evrópusambandinu. Þegar fyrir liggur að þýða verk eins og *Mimesis* eftir Auerbach, sem er 900 síðna verk, þá er ljóst að vinnan er mikil. Ég hefði þurft að vera í fullri vinnu við þá þýðingu, en var í fullri vinnu fyrir.

GSE – Myndir þú segja að svona útgáfa væri þá aðallega rekin af hugsjónastarfi?

GK – Já, ég myndi segja að það sé, þetta var mikil hugsjón og ég er afskaplega stoltur af þessari ritröð, að hafa tekið þátt í henni. Margar merkar bækur komu út á alveg ótrúlega stuttum tíma og ég vona að hún taki við sér aftur. Það er ótrúlega mikið starf óunnið í þýðingum á íslensku, sem mætti kalla göt í menningunni. Amma sagði reyndar alltaf: Sælir eru fátækir, því þeir geta klórað sér í gegnum götin, en götin í menningunni eru svo stór að við rétt getum hulið blygðunina. Við gerum okkar besta og Lærdómsritin vinna gríðarlega mikið starf, en þó vantar mikið upp á.

GSE – Hvernig er það þegar ákveðið er að gefa út nýtt verk í ritröðinni, er það að frumkvæði þýðenda?

GK – Ég held að það sé nú svolítið mismunandi, þarna ætti Guðni reyndar að geta svarað ykkur betur, Guðni eða Sveinn Yngvi. Það var samt reynt að einbeita sér að stærstu götunum, t.d. með því að þýða Walter Benjamin. Ég þýddi Auerbach af því að ég hafði skrifað um hann og ritstjórinn kom að máli við mig: „hefur þú áhuga á að ...?“ Þannig að þekking manna innan stofnunarinnar spilar inn í, það var verið að þýða svolítið bækur sem menn þekktu. Svo voru bækur eins og t.d. *Hið póstmóderníska ástand*, það var náttúrulega þýtt af því að við erum á póstmódernískum tíma og þetta er lykilrit í þeim skilningi. Mikilvægi bókanna og þekking starfsmanna spiluðu því kannski stærstu rulluna. Ég meina, Roland Barthes og Júlía Kristeva, þarf þetta ekki að vera til á íslensku? Þetta eru bara höfundar sem hafa breytt svo miklu í okkar fræðaheimi og hugsuninni í okkar samfélagi að þetta þarf að vera til á íslensku.

GSE – Var auðveldara að fá styrki fyrir þýðingum á einhverjum ákveðnum höfundum?

GK – Já, þessir klassísku höfundar eru, ef ég má orða það svo, styrkvænni. Evrópusambandið og bókmenntasjóðir allra vilja styrkja verk sem skipt hafa miklu máli í menningunni. Það hefur örugglega haft áhrif á það að það er auðveldara að fá styrk fyrir verki eftir Walter Benjamin heldur en einhvern Simon Jones sem hefur gefið út eina bók. Þetta sér maður oft í reglum þessara sjóða, þar koma fyrir orð eins og veigameiri verk eða eitthvað slíkt. Það þýðir í veruleikanum að Franz Kafka á miklu meiri séns en Gunnar Gunnarsson. Lögmálið er að frægðin hefur áhrif. Og það er kannski ekkert skrytið, Walter Benjamin er löngu dáinn og hans verk þurfa ekkert að sanna sig lengur. Það er búið að afgreiða það að það sé mikilvægt, það er enginn sem spyr að því lengur. Og það er mikilvægt að það sé til á þessu litla tungumáli, það er einhvern veginn augljóst mál. Ef þetta tungumál vill halda áfram að þroskast í áttina að einhverju, viðhalda orðræðu í þessu umdæmi, á þessu sviði. Annars deyr það bara og það er þannig sem tungumál deyja, þau missa umdæmin og enda sem mállýskur í eldhúsinu vegna þess að þau hafa ekki mikilvægi annars staðar í samfélaginu. Þetta er það sem ég hef verið að rannsaka í tengslum við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, tungumáladauða. Hann tengist þessu beinlínis, það verður að vera „transfer“ milli kynslóða. Þetta er eitt af því sem orðið er óljóst núna, þú

hefur kannski lesið greinar í blöðunum í vikunni, það eru drengir, og reyndar stúlkur líka sem ekki geta talað á íslensku um heilmikið af því sem er að gerast í þeirra lífi af því að það fer allt fram á ensku. Viðskiptalífið fyrir hrun það líka Íslendinga að gerast tvítyngdir. Það er barnaleg hugmynd, en þessu er haldið fram. Menn gleyma því að það er erfitt að læra að lesa og það er ennþá erfiðara að læra að lesa á tungumáli sem maður kann ekki. Þetta er svo einfalt en samt halda menn alltaf af því að börn læri tungumál mjög hratt, þá geti þau bara skipt yfir í ensku í sjöunda bekk.

Þess vegna er þessi viðleitni. Hluti af hugsjóninni er að þetta umdæmi sé opið áfram. Að einhver sem tekur BA í heimspeki geti skrifað lokaritgerðina sína á íslensku, notað íslensk hugtök og vísað í bækur á íslensku. Það er miklu auðveldara. Maður finnur það sjálfur, það er auðveldara að lesa flókna texta á móðurmálinu og er ég þó búinn að vera þýðandi í þrjátíu ár.

GSE – Eitt að lokum, varðandi þýðingar almennt og sérstaklega í grundvallartextum, finnst þér vera jafnvægi í þýðingum miðað við þarfirnar?

GK – Nei, ég get ekki sagt það. Í þessari ritröð til að mynda hafa vissulega verið valdir algjörir lykilhöfundar, eins og Benjamin, en að hinu leytnu tengist þetta oft bara þekkingu og áhugasvið einstakra starfsmanna og endurspeglar það. Það er kannski ekkert óeðlilegt við það en það þyrfti náttúrulega bara miklu meira, þetta er bara svo örlítið brot.

GSE – Hvernig völduð þið þau verk sem komu út? Þetta eru náttúrulega lykilhöfundar, en þeir hafa gefið út miklu meira en þessar bækur sem hafa verið þýddar.

GK – Já, það eru verk sem skipta miklu máli, hjá hverjum. Gefið var út safnrit með verkum Benjamins, en svo eru verk eins og *Stríð og kvikmyndir*, sem er frægasta bók þess höfundar. *Svört sól* er kannski ekki frægasta bók Kristevu, en hún er kannski mest „relevant“ í femínisma, og þar kemur áhugasvið þýðenda náttúrulega aftur inn. Svo var það ekki frægasta bók Derrida sem var þýdd, en hún var kannski valin af því að sá sem þýddi hana var að vinna í þeim hlutum. Þetta er svolítið tilviljanakennt og markast af mannfæðinni á Íslandi.

Viðtal við Eyju Margréti Brynjarsdóttur 28. júlí 2015

GSE – Ef þú gætir byrjað á að segja mér í stuttu máli hvert þitt starf er hjá Hinu Íslenska bókmenntafélagi?

E – Já, ég er ritstjóri Lærdómsritanna ásamt Birni Þorsteinssyni. Ég hóf störf síðasta haust en Björn stefnir á að hætta um næsta áramót svo ég verð ein eftir þá. Það sem við gerum er að við veljum inn þýðingar til birtingar í þessari ritröð og lesum yfir það sem kemur frá þýðendum og þeim sem skrifa inngangana. Svo vinnum við þessa texta eftir þörfum og búum til prentunar.

GSE – Hvaða tilgangi gegna Lærdómsritin í dag? Þegar þau hófu fyrst að koma út þá sagði Sigurður Líndal að þau ættu að leggja grundvöll að gervallri þekkingu á íslenskri tungu. Er það enn í dag stefnan sem þið vinnið út frá?

E – Hugmyndin er að þetta sé þýðing á fræðilegu verki sem er ekki glænýtt heldur flokkast sem klassík í einhverjum skilningi, þó þau séu nú reyndar misgömul. Þetta eru sem sagt erlend fræðirit sem talin eru eiga það mikið erindi á íslenskan markað að það sé rétt að þýða þau. Þau þurfa líka að vera nógu stutt til að þau henti til útgáfu í þessu smáa broti sem við erum með. Svo er skrifaður inngangur að verkunum. Þessi ritröð er upphaflega sett fram undir þeim formerkjum að þetta séu tímamótaverk í sögu mannlegrar hugsunar. Það hljómar kannski svolítið undarlega, því það ætti að vera erfitt að meta það fyrir en þúsundum ára seinna hvaða verk hafi virkilega markað tímamót. Ég lít svo á að þetta sé kynning á þekktum ritum. Við viljum gera þau aðgengileg með því að þýða þau á íslensku og koma þeim þannig á framfæri við íslenska lesendur.

GSE – Þú segir að þetta séu sígild verk, hvernig skerið þið úr um það?

E – Það eru engar reglur með hversu gömul bók þarf að vera til að hún teljist sígild. Þetta er erfið spurning, hvenær er verk orðið sígilt? Maður á kannski ekki að vera að hengja sig endilega í það að þetta séu sígild verk, heldur miklu frekar að þau séu merkileg. Hugmyndin er samt að þetta séu engar dægurflugur. Við vonumst til þess að Lærdómsritin séu að minnsta kosti sígild í þeim skilningi að þau haldi áfram að vera merkileg. Að við séum ekki að gefa eitthvað út sem muni vera vinsælt í eitt ár, en seljist síðan ekki eftir það.

GSE – Hvað með verk sem eru umdeild en hafa vakið mikla athygli þrátt fyrir það?

E – Já, þau kæmu vel til greina. Það er bara betra að verk séu umdeild, vekur meiri áhuga og umræðu og gerir þar af leiðandi verkið áhugaverðara.

GSE – Aðeins varðandi ímynd Lærdómsritanna, nú njóta þau mikillar virðingar, en þykja að sumu leyti úr takt við tímann, til að mynda hafa eingöngu komið út tvö verk eftir konur. Eruð þið að berjast við ímyndina eða njóta ritin þess að vera í virðingarstöðu?

E – Þetta vandamál með konurnar hefur náttúrulega verið mjög áberandi og það lítur alveg hræðilega út. Við fáum margar spurningar um þetta og þetta er svo sannarlega eitthvað sem mig langar að breyta. Það blasir við að það er bara verið að gefa út bækur eftir karla, og ekki nóg með það, heldur hafa þýðendurnir mikið til verið karlar líka og inngangarnir skrifaðir af körlum. Ég held líka alveg örugglega að ég sé fyrsti kvenritstjórinn hjá Bókmenntafélaginu, það hefur heldur aldrei kona ritstýrt *Skirni* eða öðrum útgáfum félagsins, ekki nema kannski einu og einu verki. Konur hafa ekki verið formlega ráðnir ritstjórar fyrr en núna. Þetta hefur verið alveg svakalegt karlaveldi. Það hafa reyndar setið konur í stjórn bókmenntafélagsins, en þær hafa ekki komið mikið af starfinu. Ímynd, ekki bara Lærdómsritanna, heldur Bókmenntafélagsins í heild sinni, er að þetta séu bara gamlir karlar. Þessi ritröð hefur þó líka þessa karlaímynd. Ekki bara það, heldur evrósentríka ímynd líka, þetta eru bækur eftir hvíta karla. Þetta er augljóslega eitthvað sem mig langar til að breyta, og það er ýmislegt í vinnslu, bækur eftir konur meðal annars. Maður reynir að ýta þeim upp fyrir á útgáfulistanum eins og maður getur. Það sem er erfitt við þessa útgáfu er að hlutirnir gerast voðalega hægt og allar breytingar taka mikinn tíma. Maður stekkur ekkert til og breytir öllu á einu ári. Bækurnar eru lengi í vinnslu, jafnvel áratugi í sumum tilvikum. Þýðingavinnan tekur sinn tíma, og einnig að skrifa innganginn, en svo eru líka kannski bara gefnar út tvær bækur á ári í ritröðinni af því að það er ekki til peningur til að gefa út meira. Sumar bækur hafa jafnvel verið tilbúnar í nokkur ár og bíða útgáfu. Þær hlaðast upp. Þær bækur sem maður lendir í að gefa út sem ritstjóri eru kannski ekki endilega bækur sem maður hefur sjálfur valið til útgáfu.

GSE – En þetta er þó eitthvað sem þið viljið breyta, þið eruð ekki bara sátt við að vera útgáfan sem gefur út hvítu karlana?

E – Nei, alls ekki, þetta er vandamál sem blasir við og þarf að breyta. Ég held það þurfi líka að gera það markvisst, þetta er ekki eitthvað sem lagast af sjálfu sér.

GSE – Þið eruð ekki með ákveðna stefnu sem farið er eftir?

E – Nei, það hefur allavega ekki verið unnið nógu vel eftir skýrri stefnu, hlutirnir hafa verið látnir gerast of mikið af sjálfu sér á undanförunum árum eða áratugum. Það hefur verið svolítið mikið þannig að þýðendur banka upp á með verk og ritstjórnarnir skoða þau og segja annað hvort já eða nei eftir því hvort þeim líst á það. Þeir kannski hafna því ef þeim finnst þýðingarprufan ekki nógu góð eða bókin ekki henta til útgáfu en það hefur ekki verið nógu um að ritstjórar eigi frumkvæði að því að

koma einhverju í þýðingu. Það sem er bankað upp á með hefur svo í langflestum tilvikum verið bók eftir annan karl.

GSE – Það verður þá kannski karlklúbbur svona af sjálfu sér

E – Já, langoftast er það karl sem bankar upp á með bók eftir karl.

GSE – Hvað með íslenskar bækur, það hafa einhverjar slíkar komið út, en stefnan í dag er aðallega að gefa út þýðingar?

E – Það hafa einhverjar íslenskar bækur komið út, einhver gömul rit. Í langflestum tilvikum höfum við þó gefið út þýðingar.

GSE – Eruð þið meðvituð um hlutverk ykkar sem mótandi afl þegar kemur að hefðarveldi bókmennta? Veljið þið bækur sem ykkur finnst að ætti að lesa eða farið þið frekar eftir því sem almennt er samþykkt?

E – Já, ég vil gjarnan koma því á framfæri sem mér finnst að fólk ætti að lesa. Maður lendir í því líka að hugsa út í það hvað muni seljast, maður getur ekki leyft sér það að gefa eitthvað út sem maður sér fram á að muni ekki seljast. Maður reynir að hugsa sér að þau verk sem komi út eigi eitthvert erindi og að fólk vilji kaupa verkin og lesa þau. Maður hugsar þó ekki bara um það, enda hefur reynslan verið sú að það eru ákveðin verk í ritröðinni sem halda henni uppi. Sum verk seljast mikið og kosturinn við þessa ritröð er að þetta eru sígild verk sem halda áfram að seljast ár eftir ár og áratug eftir áratug. Sum eru svo notuð í kennslu í háskólum, jafnvel framhaldsskólum líka. Þau eru líka gefin í útskriftar- og fermingargjafir. Það er því hægt að leyfa sér að gefa eitthvað út sem maður veit að selst ekki mikið. Takmarkið er að finna þetta jafnvægi, sem er nauðsynlegt í allri bókaútgáfu, það þarf ekki allt að vera jafn söluvænlegt.

GSE – Nú rúmar ritröðin ákaflega ólík verk, sum ný, önnur gömul, allt undir sama hatti. Þið hafið ekkert í huga að gefa út ný fræði sérstaklega? Ykkur finnst alveg eiga við að gefa þetta alltúr í sömu ritröð?

E – Já, eins og bók Kari Killén sem kom út í fyrra? Það setur náttúrulega ákveðnar skorður, þetta litla brot. Það er erfiðara að birta mikið af myndum eða töflum í þessu broti. Það hentar eiginlega ekki nema fyrir verk sem byggjast upp á textum.

GSE – Já, það hafa komið út mikið af heimspekiverkum og kenningarrit, það kannski hentar brotinu best?

E – Já, einmitt. Það setur ákveðnar skorður, líka upp á lengdina. Mörg nýrri fræðirit eru kannski of löng fyrir okkar mörk. Bara þetta myndi gera það erfiðara ef við ætluðum að gefa út mikið af nýrri

verkum. Það er reyndar að sjálfsögðu ekkert náttúrulögmál að Lærdómsrit verði að koma út í þessu broti en Bókmenntafélagið er náttúrulega með aðra flokka svo verk sem henta ekki í Lærdómsritin og koma frekar út á öðrum vettvangi á vegum félagsins. Þannig er það hugsað, við í Lærdómsritunum hugum bara að okkar starfi á meðan Bókmenntafélagið gæti frekar fjölgað flokkum ef svo bæri við.

GSE – Það eru ýmis praktísk vandamál sem koma í veg fyrir að hægt sé að gera allt sem mann langar til, framboð á þýðendum og skorður sem brotið setur. Er eitthvað fleira sem þér dettur í hug, fyrir séðar og ófyrir séðar hindranir sem hafa áhrif á starfið?

E – Já, það eru vitaskuld þessar fjárhagslegu hindranir sem hægja á öllu og sem við erum alltaf að glíma við. Þær eru nú stóra ástæðan fyrir því að hlutirnir gerast svona hægt. Við höfum ekki mikið fé á milli handanna og allir sem koma að útgáfunni vinna fyrir lítinn pening. Þetta er hálfgerð hugsjónastarf, ritstjórnarnir vinna sína vinnu í hlutastarfi, þetta er bara brot úr starfi svo við Björn erum bæði í fullu starfi annars staðar. Það að þýða fyrir Lærdómsritin er illa borgað, þetta er allt rekið fyrir lítinn pening. Það þýðir að það getur enginn sett þessa vinnu í forgang, enginn sem kemur að starfinu, hvorki þýðandi né sá sem skrifar inngang. Svo hefur Bókmenntafélagið takmarkað fé til að standa undir prentkostnaði svo það er ekki hægt að gefa út mörg verk á ári. Þetta hefur þau áhrif að hlutirnir gerast hægt.

GSE – Svo starfið mótast kannski að einhverju leyti af þessum erfiðleikum?

E – Það gerir það náttúrulega, mjög mikið. Þetta er ekki einsog aðrar útgáfur þar sem allir eru bara í viðbragðsstöðu að keyra hlutina hratt áfram. Viðbragðshraðinn er mjög lítill og það er ekki líklegt að það muni breytast.

GSE – Nú fáir þið einhverja styrki, og sækir væntanlega um fyrir hverja bók, leitið þið líka eftir styrkjum frá Evrópu og þess háttar.

E – Nei, við höfum sótt mikið í þýðingarstyrki Miðstöðvar íslenskra bókmennta, og höfum fengið einhverja hundraðþúsundkarla þar. Bókmenntafélagið fær svo einhverja ríkisstyrki.

GSE – Svo þið sækir aðallega um styrki hérna heima?

E – Já, aðallega. Það er reyndar eitthvað misjafnt eftir tungumálum. Mér skilst að það sé hægt að fá styrki fyrir þýðingar úr norrænu málunum og þýsku frá þeim löndum.

Útgefin Lærdómsrit júní 2015

<i>Titill</i>	<i>Höfundur</i>	<i>Þýðandi o.s.frv.</i>	<i>Nr.</i>	<i>Ár</i>
Af sífjafræði síðferðisins	Friedrich Nietzsche	Íslensk þýðing og skýringar eftir Róbert Jack með inngangi eftir Róbert H. Haraldsson	76	2010
Afstæðiskenningin	Albert Einstein	Íslensk þýðing eftir Þorstein Halldórsson með inngangi eftir Magnús Magnússon	2	1970, 1978, 2011
Agricola	Cornelius Tacitus	Íslensk þýðing eftir Jónas Knútsson sem einnig ritar inngang	34	1998
Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna	Kari Killén	Íslensk þýðing eftir Tryggva Gíslason með inngangi eftir Sigrúnu Júlíusdóttur	86	2014
Ár var alda	Steven Weinberg	Íslensk þýðing eftir Guðmund Arnlaugsson með inngangi eftir Einar H. Guðmundsson	35	1998
Bera bý	Karl Von Frisch	Íslensk þýðing eftir Jón O. Edwald með forspjalli eftir Örnólf Thorlacius	6	1972
Birtíngur	Voltaire	Íslensk þýðing eftir Halldór Laxness með forspjalli eftir Þorstein Gylfason sem einnig er ritstjóri	13	1975, 1996, 2006
Bjólfskviða: Foryrnjurnar og fræðimennirnir	J.R.R. Tolkien	Íslensk þýðing eftir Arndísi Þórarinsdóttur með inngangi og skýringum eftir Ármann Jakobsson	84	2013
Bláa bókin	Ludwig Wittgenstein	Íslensk þýðing eftir Þorberg Þórsson með inngangi eftir Þorstein Gylfason	36	1998
Cicero og samtíð hans og fleiri greinar	Jón Gíslason		72	2009, 2010
Draugasaga	Títus Maccíus Plátus	Íslensk þýðing eftir Guðjón Inga Guðjónsson sem einnig ritar inngang og skýringar	54	2004
Dýrabær	George Orwell	Íslensk þýðing eftir Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi með formála eftir Þorstein Gylfason sem einnig er ritstjóri	18	1985
Endurtekningin (Uggur og ótti með í öskju)	Søren Kierkegaard	Íslensk þýðing eftir Þorstein Gylfason sem einnig ritar inngang og skýringar	41	2000
Ferlið og dygðin	Laozi	Íslensk þýðing eftir Ragnar Baldursson sem einnig ritar inngang	77	2010
Fjórða Makkabeabók		Íslensk þýðing eftir Rúnar M. Þorsteinsson sem einnig ritar inngang og viðauka	81	2012
Framfaragoðsögnin	Georg Henrik von Wright	Íslensk þýðing eftir Þorleif Hauksson með inngangi eftir Sigríði Þorgeirsdóttur	51	2003
Frelsið	John Stuart Mill	Íslensk þýðing eftir Jón Hnefil Aðalsteinsson og Þorstein Gylfason sem einnig ritar forspjall og er ritstjóri	3	1970, 1978, 2000, 2009
Frumspekin I	Aristóteles	Íslensk þýðing eftir Svavar Hrafn Svavarsson sem einnig ritar inngang og skýringar	39	1999
Fræðarinn I	Klemens frá Alexandríu	Íslensk þýðing eftir Clarence E. Glad sem einnig ritar inngang og skýringar	55	2004
Frændi Rameaus	Denis Diderot	Íslensk þýðing eftir Friðrik Rafnsson sem einnig ritar inngang og skýringar	42	2000
Galdrafárið í Evrópu	Hugh Trevor-Roper	Íslensk þýðing eftir Helga Skúla Kjartansson sem einnig ritar inngang	15	1977
Germanía	Cornelius Tacitus	Íslensk þýðing eftir Pál Sveinsson með inngangi eftir Guðmund J. Guðmundsson	46	2001

Gorgías	Platón	Íslensk þýðing eftir Eyjólf Kjalar Emilsson sem einnig ritar inngang	16	1977, 1991, 1993
Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni	Immanuel Kant	Íslensk þýðing eftir Guðmund Heiðar Frímansson sem einnig ritar inngang	52	2003
Handan góðs og ills	Friedrich Nietzsche	Íslensk þýðing eftir Þröst Ásmundsson og Arthúr Björgvin Bollason sem einnig ritar inngang	31	1994, 2005
Helgakver	Helgi Hálfðánarson	Með inngangi eftir Einar Sigurbjörnsson	43	2000
Hjálpræði efnamanns	Klemens frá Alexandríu	Íslensk þýðing eftir Clarence E. Glad sem einnig ritar inngang og skýringar	50	2002
Hugleiðingar um frumspeki	René Descartes	Íslensk þýðing eftir Þorstein Gylfason sem einnig ritar inngang og skýringar	47	2001
Iðnríki okkar daga	John Kenneth Galbraith	Íslensk þýðing eftir Guðmund Magnússon með forspjalli eftir Jóhannes Nordal	1	1970, 1973, 1985
Í reiðuleysi í París og London	George Orwell	Íslensk þýðing eftir Ugga Jónsson sem einnig ritar inngang	60	2005
Játningar í tveimur bindum	Ágústínus	Íslensk þýðing eftir Sigurbjörn Einarsson með inngangsköflum eftir Sigurbjörn Einarsson, Einar Sigurbjörnsson og Eyjólf Kjalar Emilsson	61	2006
Kommúnistaávarpið	Karl Marx og Friedrich Engels	Íslensk þýðing eftir Sverri Kristjánsson sem einnig ritar inngang og skýringar og með nýjum inngangi eftir Pál Björnsson	71	2008
Kúgun kvenna	John Stuart Mill	Íslensk þýðing eftir Sigurð Jónasson með ritgerðum Páls Briem, „Um frelsi og menntun kvenna“, og Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, „Fyrirlestur um hagi og réttindi kvenna“. Forspjall eftir Auði Styrkársdóttur	33	1997, 2003
Laókóon	Gotthold Ephraim Lessing	Íslensk þýðing eftir Gauta Kristmannsson sem einnig ritar inngang og með þýðingum úr grísku, latínu og ítölsku eftir Gottskálf Jensson	65	2007
Ljósið	Richard P. Feynman	Íslensk þýðing eftir Hjört H. Jónsson með inngangi eftir Þórð Jónsson	44	2000
Lof heimskunnar	Erasmus frá Rotterdam	Íslensk þýðing eftir Þröst Ásmundsson og Arthúr Björgvin Bollason sem einnig ritar inngang	24	1990, 1996
Lof lyginna	Þorleifur Halldórsson	Með inngangi eftir Halldór Hermannsson í þýðingu Þorsteins Antonssonar	21	1988
Manngerðir	Þeófrastos	Íslensk þýðing eftir Gottskálf Þór Jensson sem einnig ritar inngang	25	1990, 1993, 2007
Mál og mannshugur	Noam Chomsky	Íslensk þýðing eftir Halldór Halldórsson sem einnig ritar inngang	10	1973, 2011
Málsvörn stærðfræðings	Godfrey Harold Hardy	Með inngangi eftir C.P. Snow, en íslenska þýðingu gerði Reynir Axelsson	7	1972, 2011
Mennt og máttur	Max Weber	Íslensk þýðing eftir Helga Skúla Kjartansson með inngangi eftir Sigurð Líndal	11	1973, 1978, 1996, 2011
Menón	Platón	Skólaþýðing eftir Sveinbjörn Egilsson með inngangi og skýringum eftir Eyjólf Kjalar Emilsson og Gunnar Harðarson	19	1985, 1993, 2009

Nytjastefnan	John Stuart Mill	Íslensk þýðing eftir Gunnar Ragnarsson með inngangi eftir Roger Crisp í þýðingu Þorsteins Hilmarssonar sem einnig er ritstjóri og ritar skýringar	37	1998, 2011
Orðræða um aðferð	René Descartes	Íslensk þýðing eftir Magnús G. Jónsson með inngangi og skýringum eftir Þorstein Gylfason sem einnig var ritstjóri ásamt Þorsteini Hilmarssyni	27	1991, 1998
Orðræða um frumspeki	Gottfried Wilhelm Leibniz	Íslensk þýðing eftir Gunnar Harðarson með inngangi eftir Henry Alexander Henrysson	56	2004
Óbyggð og allsnægtir	Frank Fraser Darling	Íslensk þýðing eftir Óskar Ingimarsson með forspjalli eftir Eyþór Einarsson	8	1972
Ógöngur	Gilbert Ryle	Íslensk þýðing eftir Garðar Á. Arnason sem einnig ritar inngang og skýringar	45	2000
Óraplágan	Slavoj Žižek	Íslensk þýðing eftir Hauk Má Helgason með inngangi eftir Steinar Örn Atlason og Andra Fannar Ottósson	66	2007
Perceval eða Sagan um gralinn	Chrétien de Troyes	Íslensk þýðing, inngangur og skýringar eftir Ásdísi R. Magnúsdóttur	78	2010
Rannsókn á skilningsgáfunni ásamt sjálfsæfisögu höfundar	David Hume	Íslensk þýðing eftir Atla Harðarson sem einnig ritar inngang	22	1988, 1999, 2011
Ritgerð um ríkisvald	John Locke	Íslensk þýðing eftir Atla Harðarson sem einnig ritar inngang	20	1986, 1993, 2011
Ríkið	Platon	Íslensk þýðing Eyjólf Kjalars Emilssonar sem einnig ritar inngang og skýringar. Bundið mál í þýðingu Kristjáns Arnasonar	28	1991, 1997, 2009
Rússa sögur og Igorskviða		Íslensk þýðing eftir Árna Bergmann sem einnig ritar inngangskafla, skýringar og millitexta	73	2009
Saga tímans	Stephen W. Hawking	Íslensk þýðing eftir Guðmund Arnlaugsson með inngangi eftir Lárus Thorlacius	26	1990, 1993, 1999
Samdrykkjan og Plótínos, „Um fegurðina I.6.“	Platon	Íslensk þýðing eftir Eyjólf Kjalar Emilsson sem einnig ritar inngang. Bundið mál í þýðingu Kristjáns Arnasonar	40	1999
Samfélagssáttmálinn	Jean-Jacques Rousseau	Íslensk þýðing eftir Björn Þorsteinsson og Má Jónsson sem einnig ritar inngang	57	2004
Samræður um trúarbrögðin	David Hume	Íslensk þýðing eftir Gunnar Ragnarsson með inngangi eftir Pál S. Árdal	9	1972, 2002
Shakespeare á meðal vor (úrval)	Jan Kott	Íslensk þýðing eftir Helga Hálfðanarson með inngangi eftir Guðna Elísson	74	2009
Síðfræði Níkomakkosar í tveimur bindum	Aristóteles	Íslensk þýðing Svavars Hrafn Svavarssonar sem einnig ritar inngang og skýringar	32	1995, 2011
Síðasta setning Fermats	Simon Singh	Íslensk þýðing eftir Kristínu Höllu Jónsdóttur með inngangi eftir Sigurð Helgason	62	2006
Síðustu dagar Sókratesar	Platón	Í íslenskum búningi eftir Sigurð Nordal sem einnig ritar inngang, og Þorstein Gylfason sem einnig er ritstjóri	12	1973, 1983, 1990, 1996, 2006, 2011
Stjórnsmál og bókmenntir	George Orwell	Íslensk þýðing eftir Ugga Jónsson með inngangi eftir Róbert H. Haraldsson	75	2009

Sýnilegt myrkur	William Styron	Íslensk þýðing eftir Ugga Jónsson með inngangi eftir Einar Má Guðmundsson	79	2010
Til hins kristna aðals þýskrar þjóðar	Marteinn Lúther	Íslensk þýðing eftir Vilborgu Auði Ísleifsdóttur sem einnig ritar inngang	82	2012
Tilviljun og nauðsyn. Ritgerð um náttúrulega heimspeki nútímalíffræði	Jacques Monod	Íslensk þýðing eftir Guðmund Eggertsson sem einnig ritar inngang	83	2012
Tilvistarstefnan er mannhyggja	Jean-Paul Sartre	Íslensk þýðing eftir Pál Skúlason með umræðum í bókarlok í þýðingu Egils Arnarsonar og inngangi eftir Vilhjálm Árnason	67	2007
Tómasarguðspjall	Tómas postuli	Íslensk þýðing eftir Jón Ma. Ásgeirsson sem einnig ritar inngang og skýringar	48	2001
Uggur og ótti (Endurtekningin með í öskju)	Søren Kierkegaard	Íslensk þýðing eftir Jóhönnu Þráinsdóttur, sem einnig ritar skýringar, með inngangi eftir Kristján Árnason	41	2000
Um ánaud viljans	Marteinn Lúther	Íslensk þýðing eftir Jón Árna Jónsson og Gottskálf Þór Jensson með inngangsköflum eftir Sigurjón Árna Eyjólfsson og Gottskálf Þór Jensson	53	2003, 2011
Um ellina	Marcús Túllíus Cícero	Íslensk þýðing eftir Kjartan Ragnars með inngangi og skýringum eftir Eyjólf Kolbeins	17	1982
Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins	Friedrich Schiller	Íslensk þýðing eftir Arthúr Björgvin Bollason og Þröst Ásmundsson sem einnig ritar inngang og skýringar	63	2006
Um holdgun Orðsins	Aþanasíus	Íslensk þýðing eftir Kristín Ólason með inngangi eftir Einar Sigurbjörnsson	68	2007
Um kvikmyndalistina	Rudolf Arnheim	Íslensk þýðing eftir Björn Ægi Norðfjörð sem einnig ritar inngang	85	2013
Um lög	Tómas af Aquino	Íslensk þýðing eftir Þórð Kristinsson með inngangi eftir Garðar Gíslason	58	2004
Um sálgreiningu	Sigmund Freud	Íslensk þýðing eftir Maiu Sigurðardóttur með inngangi eftir Símon Jóh. Ágústsson	4	1970, 1976
Um sársauka annarra	Susan Sontag	Íslensk þýðing eftir Ugga Jónsson með inngangi eftir Hjálmar Sveinsson	64	2006
Um skáldskaparlistina	Aristóteles	Íslensk þýðing eftir Kristján Árnason sem einnig ritar inngang	14	1976, 1997
Um trúarbrögðin	Friederich Schleiermacher	Íslensk þýðing eftir Jón Árna Jónsson með inngangi eftir Sigurjón Árna Eyjólfsson	69	2007
Um uppruna dýrategunda og jurta	Þorvaldur Thoroddsen	Með skýringum eftir Steindór J. Erlingsson sem einnig ritar inngang	38	1998
Um vináttuna	Marcus Tullius Cicero	Íslensk þýðing eftir Margréti Oddsdóttur með inngangi eftir Svavar Hrafn Svavarsson	30	1993, 1995, 2009
Undirstöður reikningslistarinnar	Gottlob Frege	Íslensk þýðing eftir Kristján Kristjánsson með forspjalli eftir Guðmund Heiðar Frímansson	23	1989
Uppruni tegundanna	Charles Robert Darwin	Íslensk þýðing eftir Guðmund Guðmundsson með inngangi eftir Örnólf Thorlacius	59	2004
Valdstjórn og vísindi	Charles Percy Snow	Íslensk þýðing eftir Baldur Símonarson með forspjalli eftir Jónas H. Haralz	5	1970
Vandræðaskáld	Samuel Johnson	Íslensk þýðing eftir Atla Magnússon sem einnig ritar inngang	29	1991

Yfirlýsingar	Evrópska framúrstefnan	Íslenskar þýðingar eftir Áka G. Karlsson, Arna Bergmann, og Benedikt Hjartarson sem einnig valdi efnið og ritaði inngang og skýringar	49	2001
Zadig eða örlögin	Voltaire	Íslensk þýðing eftir Hólmgrím Heiðreksson með inngangi eftir Ásdísi R. Magnúsdóttur	70	2007
Æskuverk. Úr þýsk-frönskum árbókum	Karl Marx	Íslensk þýðing eftir Ottó Másson sem einnig ritar inngang og skýringar	80	2011